



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Hljóðfæri á Íslandi
fram yfir aldamótin 1900**

Ritgerð til B.A.-prófs

Stefán Valmundsson

September 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

**Hljóðfæri á Íslandi
fram yfir aldamótin 1900**

Ritgerð til B.A.-prófs

Stefán Valmundsson

Kt.: 010684-4049

Leiðbeinandi: Halldór Bjarnason

September 2009

Ágrip

Einstaka hljóðfæri voru til á Íslandi á miðöldum: symfónar, einhverskonar fyrirrennarar orgels, gyðingahörpur og ef til vill eitthvað af fiðlum. Heimildir finnast einnig um fleiri hljóðfæri en þær eru yfirleitt tengdar útlöndum og því óvíst hvort þau hljóðfæri voru til á Íslandi. Fyrstu hljóðfærin sem náðu útbreiðslu hér á landi voru gamla íslenska fiðlan og langspilið. Ekki er víst hvenær fiðlan barst til landsins en líklegast þykir að hún hafi komið á 16. eða 17. öld þó hugsast geti að hún hafi komið fyrr. Langspilið þekktist ekki fyrr en eftir miðja 17. öld og ruddi þá fiðlunni að talsverðu leyti til hliðar.

Við upphaf 19. aldar fór að bera á nýjum hugmyndum í tónfræði og bárust þær hingað að mestu frá Danmörku og Þýskalandi. Helsti talsmaður þessarar nýju tónfræði var Magnús Stephensen. Hljóðfærin sem þá voru til í landinu, fiðlan og langspilið, féllu illa að þessari nýju tónfræði, enda voru þau (sérstaklega langspilið) byggð á miðalda- eða kirkjutónfræði, sem hafði tíðkast hér allt frá siðaskiptum. Fór þá að bera á nýjum hljóðfærum frá meginlandi Evrópu og byrjuðu þau að afla sér vinsælda um miðja 19. öldina og við lok hennar voru gömlu íslensku hljóðfærin alveg horfin.

Þessi nýju hljóðfæri voru til að mynda orgel (trúlega pípuorgel) er barst hingað fyrst með Magnúsi Stephensen árið 1800, harmóníum sem fóru að koma um miðja 19. öldina, píanó er kom snemma á 19. öld, nútímafiðlur sem finna mátti hér allt frá 18. öld, gítarar sem fóru að berast hingað á 19. öld, harmóníkur er komu hingað á seinni hluta 19. aldar, flautur sem finna mátti þegar á 18. öld og ýmiss konar blásturshljóðfæri. Vinsælast allra hljóðfæra varð samt harmóníka, þó lítið hafi borið á henni fyrr en á síðari hluta 19. aldar.

Harmóníum voru mest notuð í kirkjum þó eitthvað hafi verið leikið á þau á tónleikum. Stuðlaði það að því að þau dreifðust víða og nutu mikilla vinsælda allra stétta. Píanó voru algengust á heimilum efnaðri manna og mest notuð heima fyrir. Fiðlur dreifðust víða um land og urðu vinsæl hljóðfæri meðal allra stétta og var gjarnan notast við þær á tónleikum og dansleikjum. Harmóníkur var oftast leikið á fyrir dansi en voru að mestu bundnar við alþýðu. Gítara var svo til aðeins hægt að finna á heldri heimilum og helst notast við þá í heimahúsum. Var algengast að það væru heimasætur er léku á þá og ekki var mikið um að karlmenn lærðu að leika á þá. Flautur voru vinsæl dansleikjahljóðfæri og léku allar stéttir á þær en önnur blásturshljóðfæri voru ekki tíð fyrr en að bera fór á lúðrasveitum á síðasta fjórðungi 19. aldar og voru þá mest nýtt af borgarastétt.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Hljóðfæramenning fyrri alda	2
2.1 Íslenska fiðlan	3
2.2 Langspil	6
3. Innreið nýrrar tónfræði	8
4. Orgelhljóðfæri.....	10
5. Píanó	17
6. Blásturshljóðfæri og lúðrasveitir	19
6.1 Flautur og munnhörpur.....	20
6.2 Lúðrar og horn.....	22
7. Strengjahljóðfæri	26
7.1 Gítarar.....	26
7.2 Fiðlur.....	30
7.3 Selló	37
8. Harmónikur.....	38
9. Skipuleg hljóðfæra­kennsla	43
10. Félagslegt samhengi hljóðfæranotkunar.....	47
10.1 Tilgangur hljóðfæranotkunar og notkunarstaðir.....	47
10.2 Stéttaskipting.....	52
11. Niðurstöður	54
Heimildaskrá:.....	57

1. Inngangur

Hljóðfæranotkun var ekki stór þáttur í íslenskri menningarsögu fyrr á öldum en á 19. öld varð breyting sem lagði nýjan grundvöll að íslenskri söng- og danstónlist. Fyrst verður skoðað hvernig hljóðfæranotkunin var fyrir 1800 til að gefa meginefni ritgerðarinnar viðhlítandi bakgrunn. Þá verður vikið að aðalefninu og athugað hvaða breytingar urðu á hljóðfærameningunni á 19. öld og hverjir áttu helst þátt í þessum breytingum, hvaða hljóðfæri voru algengust, hvaðan vitneskjan um þessi nýju hljóðfæri barst Íslendingum og hvaða útbreiðslu þau fengu á landinu. Þá verður gefið stutt yfirlit um kennslu í hljóðfæraleik fram yfir 1900 og að lokum reynt að setja hljóðfæranotkunina í félagslegt samhengi. Ekki verður farið mikið fram yfir aldamótin 1900 enda voru mörg ný hljóðfæri þá búin að festa sig í sessi í íslensku tónlistarlífi og upphafsskeiði flestra þeirra lokið.

Við smíði ritgerðarinnar var nær eingöngu stuðst við prentaðar heimildir og vitneskja um fjölmarga heimildastaði fékkst með tilstyrk ritmálsskrár Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem finna má á heimasíðu hennar, <http://arnastofnun.is/>. Fundust þessir heimildastaðir með því að nota hljóðfæraheiti sem uppflöttiorð. Jafnframt því var notast við óútgefið verk Baldurs Andréssonar (1897-1972) fulltrúa, Tónlistarsögu Reykjavíkur, sem finna má á netinu. Einnig var rætt við Þórð Tómasson, safnvörð á Byggðasafninu í Skógum. Hann veitti tilsögn við upplýsingaöflun um langspil og er honum þökkuð aðstoðin.

2. Hljóðfæramenning fyrri alda

Flest bendir til að hljóðfæranotkun hafi ekki verið mikil á Íslandi á fyrri öldum. Hallgrímur Helgason, tónskáld og tónlistarsögufræðingur, bendir í því samhengi á að menning sé háð ytri skilyrðum og í íslensku samfélagi fyrri alda voru þau svo að mati hans:

Landfræðileg einangrun knýr til fastheldni, svarar árstíðir auka innisetur, strjálbýli skapar einstaklingshyggju, þröngur húsakostur veldur skorti á möguleikum til fjölsótttra mannfunda, og stopular samgöngur leiða til fáskiptni. Allt tálmar þetta útbreiðslu og ástundun tónmennta.¹

Vegna þessara ytri aðstæðna var söngur að líkindum langalgengasti máti tónlistartjáningar á Íslandi um aldir. Nokkur vitneskja er þó til um hljóðfæri og hljóðfæraleik allt frá fornöld. Hörpu, fiðlu, gígju, lúðurs, pípu, horns, bumbu, trumbu, organs, symfóns, saleriums, regals og klavikords er oft getið í fornum textum. Þessara fimm síðastnefndu þó ekki fyrr en á 14.-15. öld.² Þegar minnst er á hljóðfæri þessi er oftast verið að tala um atburði utan Íslands eða í goðaheimi, en ummælin sýna þó að vitneskja hafi verið til í landinu um þessi hljóðfæri og því ekki ólíklegt að eitthvað hafi verið til af þeim hér. Af þessum hljóðfærum var það helst fiðlan sem vann sér einhvern sess meðal landsmanna og þó að ekki sé vitað hvenær hún barst til landsins er ekki ómögulegt að hún hafi verið við lýði á Íslandi frá því að land byggðist. Hennar, eða að minnsta kosti einhvers konar hljóðfæris er nefnt var fiðla, er fyrst getið í heimildum á 13. öld, og þá við lýsingu á hirð Miklagarðskeisara.³

Árið 1329 mun Arngrímur Brandsson (d. 1361), klerkur í Odda í Rangárvallasýslu, hafa smíðað organum, fyrirrennara orgels, og er það í fyrsta sinn sem slíkt hljóðfæri var haft um hönd á landinu, svo vitað sé.⁴ Jón Arason (1484-1550), seinasti kaþólski biskup landsins, eignaðist líka einhverskonar symfón, því hann sagðist eiga „fón með fögrum sóni, fentið til lykla og strengi.“⁵ Symfón var strengjahljóðfæri með lyklum, það er að segja hljómborðshljóðfæri. Til að framkalla

¹ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 47.

² *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 2. bindi, bls. 265-266. „Sönglistin hjá Norðmönnum í fornöld“, bls. 136-137. Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 36-37.

³ *Morkinskinna*, bls. 350.

⁴ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 27.

⁵ Tilvitnun fengin úr: Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 37.

tóna var þrýst með lyklum á háls hljóðfærisins og til að breyta um tón þrýst á lykla á mismunandi staði á hálsinum. Hljóð var myndað með því að snúa hjóli undir strengjunum með sveif. Þórður biskup Þorláksson (1637-1697) komst einnig yfir svipað hljóðfæri, sem og regal, smáa fjaðraorgeltegund, fyrst notaða á 15. öld.⁶ Ekki kemur fram í hvaða tilgangi þessi hljóðfæri voru notuð en þar sem í öllum tilfellum var um að ræða valdamikla menn í þjónustu kirkjunnar má gera sér í hugarlund að tilgangur hljóðfæranna hafi að vissu leyti verið að sýna auð mannanna. En hvort hljóðfærin hafi verið notuð við kirkjur eða á heimilum þeirra er ómögulegt að geta sér til um, né heldur hvort leikin hafi verið á þau veraldleg eða trúarleg tónlist.

Elsta varðveitta hljóðfærið sem fundist hefur á Íslandi er svokölluð munnigigja eða gyðingaharpa sem talin er vera frá 16. eða 17. öld. Hún er þannig gerð að milli tveggja teina er fóst málmtunga. Hljóðfærið er borið upp að tönnunum og málmtungan slegin með fingri. Hún sveiflast þá á milli tannanna og í munnholinu myndast mismunandi tónar.⁷

Engan veginn er hægt að telja þessi örfáu dæmi um hljóðfæri vera vitni mikillar hljóðfæramenningar hér á landi, heldur má telja líklegra að stöku menn hafi orðið sér úti um hljóðfærin, og hafa þeir án efa sjálfir þurft að afla sér þekkingar á þau, enda má ætla að kunnátta í hljóðfæraleik hafi verið lítil á þessum tíma. En Íslendingar eignuðust tvö hljóðfæri sem við vitum mun meira um en fyrrnefnd hljóðfæri, og náðu þau talsvert meiri útbreiðslu. Voru það fiðla, sem nú er stundum nefnd „gamla íslenska fiðlan“ til aðgreiningar frá nútímafiðlu (fíólin), og langspil.

2.1 Íslenska fiðlan

Íslenska fiðlan er strengjahljóðfæri af sítargerð, en hún einkennist af lokuðum kassa án háls. Hún líkist mjög hljóðfæri fiðlara á miðaldahöggmynd í dómkirkjunni í Niðarósi og er án efa af sama flokki hljóðfæra. En einnig líkist hún finnsk-eistnesku strokhörpunni og keltneska hljóðfærinu crwth, sem er náskylt grískri líru, og á íslenska fiðlan því hugsanlega fyrirrennara sinn að sækja þangað.⁸

⁶ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 36-37.

⁷ Smári Ólason: „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 375.

⁸ Smári Ólason: „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 376.

Ekki er víst hvenær íslenska fiðlan kom til landsins, og elsta dæmið um orðið fiðlu er frá 13. öld. Ekki er þó víst hvort það hafi verið hljóðfæri skylt íslensku fiðlunni eða hugsanlega nútímafiðlu. Það er heldur ekki víst að þetta hljóðfæri hafi verið til á Íslandi þó þess sé getið í fornum ritum. Víst er þó að íslenska fiðlan var komin til landsins á 16. öld og eru frásagnir af fiðlu-Birni, sem þá var uppi, staðfesting á því. Blómaskeið íslensku fiðlunnar hefur svo trúlega verið á 17. öld því á þeirri átjándu var langspilið byrjað að ýta henni til hliðar og í sóknalýsingum Hins íslenska bókmenntafélags frá miðri 19. öld er fiðlu óvíða getið.⁹

Ekki mundu margir eftir gömlu íslensku fiðlunni um aldamótin 1900 þegar hún var útdauð og byrjað var að grafast fyrir um sögu hennar. Eru lýsingar á henni því af skornum skammti og margar hverjar tengdar innbyrðis. Bjarni Þorsteinsson, prestur á Siglufirði, gerði þó vel grein fyrir fiðlunni í bókum sínum, *Íslensk þjóðlög* (1906-09) og *Þjóðlegt sönglíf á Íslandi* (1931). Til að mynda var smíðuð fyrir hann fiðla er kennd var við Kelduhverfi í Þingeyjarsýslu og var henni lýst sem aflöngum kassa úr þunnum fjölum og með holum botni. Við breiðari gaflinn stóðu tveir trénaclar og aðrir tveir við hinn gaflinn. Milli þessara nagla voru strengdir strengir, sem stilltir voru með því að snúa nöglunum, og voru báðir strengirnir stemmdir jafnhátt. Venjulegast var fiðlan höfð á borði meðan leikið var, en einnig tíðkaðist að hafa hana í kjöltu sér, og þá með fjöl undir fiðlunni til að búa til hljómbotn. Taglhárbogi var notaður við leik á fiðluna og var hann dreginn, ýmist yfir annan eða báða strengina, við mjórri endanum.

Vinstri handar fingurnir gefa nóturnar þannig, að hendingin er hálfkreppt á milli botnsins á fiðlunni (fiðludekksins) og þess strengsins, sem nær manni er, og ... lætur sá, er spilar, röð fremstu kjúku þumalfingurs styðjast upp í strenginn, en snertir strenginn með hinum fjórum fingrunum þannig, að kúlur naglanna slái strenginn á víxl eptir því, sem lagið heimtar... Tveir strengir voru á hverri fiðlu, og snertu fingurnir aðeins annan þeirra, þ.e. þann, sem nær manni var; aptur á móti var boginn opt dreginn yfir þá báða í einu, einkum í sálmalögum og þeim lögum öðrum, er hægt gengu.¹⁰

Bjarni Þorsteinsson segir jafnframt um fiðluna:

⁹ Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 68. Smári Ólason: „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 375.

¹⁰ Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 70-71.

Upphaflega hefur fiðlan að líkindum verið eintrjáningur, holaður að innan, og opinn á þeirri hliðinni, er niður var látin snúa; síðar var hún gerð úr þunnum fjöllum, er venjulega voru negldar saman, en stundum saumaðar saman ef þær voru mjög þunnar. Upphaflega mun hafa verið aðeins einn strengur á fiðlunum, snúinn saman úr hrosshári; síðar breyttist þetta á ýmsan hátt, strengjunum var fjölgað; stundum voru þeir úr vír, stundum úr sauðargirni og stundum voru hafðir útlendir fiólínstrengir- Upphaflega voru fiðlurnar mjög einfaldar og skrautlausar, en síðar var farið að skreyta þær nokkuð, setja skrúfur og lykla á hausinn á þeim, í líkingu við það, sem var á útlendum fiólínum. Enginn efi er á því, að fiðlurnar hafa verið með talsvert mismunandi lagi.¹¹

Ekki er mikið rætt um notkun fiðlunnar í gömlum heimildum en púsla má saman ýmsum heimildabrotum. Í Íslandsdagbók Henrys Hollands frá 1810 talar hann um „the miserable scraping of fiddles in the Reikiaviik ball-room.“¹² Þetta gefur til kynna að leikið hafi verið á íslenskar fiðlur við dansleiki í Reykjavík en að vísu má ekki útiloka að hér eigi Holland við nútímafiðlu og því erfitt að staðhæfa nokkuð um þetta. Um tónlistina á dansleiknum sjálfum sagði hann:

The dancing began soon after 9, to the music of one fiddle, the *Government drum*, & a pair of triangles. ... The figures ... of the dances much resembled those common in England, but they were accompanied by tunes of a miserable description, & miserably played.¹³

Sumarið 1845, þrjátíu og fimm árum eftir komu Hollands, má finna lýsingu á þessum dansleikjum hjá Þjóðverjanum Idu Pfeiffer. Hún sagði þá mjög frjálsglega, þar sem saman kom fólk af öllum stigum þjóðfélagsins. Enn fremur sagði hún: „The music, consisting of a kind of three-stringed violin and a pipe, is said to be exquisitely horrible.“¹⁴ Hvort hér hafi verið um að ræða íslenska fiðlu með þremur strengjum eða ef til vill langspil er erfitt að geta sér til um, en líklegra má þó telja að um fiðlur hafi verið að ræða þar sem heimildir um langspil gefa til kynna að þau hafi verið stíð hljóðfæri og því yfirleitt eingöngu notað við undirspil söngs en ekki við dans.¹⁵

Eins og sagt hefur verið eru heimildir um íslensku fiðlurnar mjög takmarkaðar en ætla má að þær hafi verið notaðar við skemmtanir og dansleiki þar sem aðaltilganurinn með hljóðfærinu var að búa til takt fremur en tónstiga. Heimildirnar

¹¹ Bjarni Þorsteinsson: *Þjóðlegt sönglíf á Íslandi að fornu og nýju*, bls. 60-61.

¹² Henry Holland: *The Iceland Journal of Henry Holland 1810*, bls. 155.

¹³ Henry Holland: *The Iceland Journal of Henry Holland 1810*, bls. 104.

¹⁴ Ida Pfeiffer: *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 90.

¹⁵ Njáll Sigurðsson: „Um íslenska langspilið“ bls. 18.

gefa samt til kynna að ekki hafi fiðlurnar hljómað vel í eyrum þeirra er í öðrum hljóðfærum höfðu heyrt.

Bjarni Þorsteinsson benti svo á að „[þ]egar kom fram á 19. öldina fóru fiðlur að verða mjög sjaldgæfar, og er þeirra mjög óvída getið í sóknarlýsingunum um 1840; þó er þeirra getið á stöku stað.“¹⁶ Fiðlurnar hafa því ekki verið alveg horfnar um miðja 19. öld en stutt hefur verið í það, og voru þær í fárra manna minnum um aldamótin 1900, líkt og fyrr var getið. Að öllum líkindum hefur langspilið ýtt til hliðar fiðlunni og skal vikið að því næst.

2.2 Langspil

Langspil er strengahljóðfæri af sítar-gerð, líkt og íslenska fiðlan, yfirleitt tveggja eða þriggja strengja en útlit þess gat verið talsvert mismunandi. Þó að langspilið sé almennt talið íslenskt hljóðfæri á það uppruna sinn að rekja til suðlægari slóða. „Strengahljóðfæri sömu gerðar finnast í Frakklandi og víðar á meginlandi Evrópu. Er þar nærtækast langeleik Norðmanna og til Íslands er það komið austan um haf,“ telur Þórður Tómasson safnvörður.¹⁷ Langspilið er talið hafa borist til Norðurlanda á 17. öld og til Íslands kom það væntanlega frá Noregi og/eða Danmörku um eða eftir miðja 17. öld.¹⁸

Hér þróaðist séríslensk gerð af langspili, oftast var hún „mjór, afgangur kassi úr trjáviði, breiðari í annan endann, sem stundum [var] með bogadregnu útskoti, ávölu eða hálfhringlaga.“ Málmstrengir voru strengdir yfir hljómkassann endilangan, allt frá einum og upp í sex, þó tveir til þrír hafi verið algengastir líkt og fyrr segir. Undir strengnum næst leikandanum voru gripbretti með þverböndum eða tónþrepum sem mynduðu tónstiga. Á þennan streng var laglínar spiluð með þumlungi vinstri handar en hinir strengirnir hljómuðu með til undirleiks. Langspilið var haft á borði eða í kjöltu leikandans og var tónninn myndaður með því að strjúka boga þvert á strengina við sverari enda langspilsins. Það að nota boga kom væntanlega frá gömlu íslensku fiðlunni. Einnig tíðkaðist að slá eða „gripla“ strengi langspilsins með fingrum hægri handar eða jafnvel að slá á strengina með fjöðurstaf.¹⁹

¹⁶ Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 68.

¹⁷ Þórður Tómasson: „Listafallett langspilið“, bls. 50.

¹⁸ Njáll Sigurðsson: „Um íslenska langspilið“, bls. 18.

¹⁹ Njáll Sigurðsson: „Um íslenska langspilið“, bls. 18.

Íslenska langspilið virðist fyrst og fremst hafa verið notað með söng, sér í lagi sálmasöng, enda hljóðfæri með tónstiga nauðsynlegt fyrir söng. Einnig var það notað til að læra sálmalög af nótum. Heimildir finnast einnig um að veraldleg lög hafi verið spiluð á langspil og þá eftir eyranu. Ekki var leikið á langspil undir dansi, enda hentaði tónmyndun og leikmáti þessi illa í slíkt. Sérstök hljóðfæratónlist fyrir langspilið þekkist varla og því óhætt að fullyrða að það hafi svo til eingöngu verið notað sem sönghljóðfæri.²⁰

Einn af elstu samtímavitnisburðunum um langspilsleik er að finna í ævisögu síra Jóns Steingrímssonar (1728-1791) sem rituð var á árunum 1784-1791. Þar er lýst hversdagslegri notkun langspils:

... síra Sveinn og síra Pétur, skólabræður mínir, sem voru um hátíðir þar á klaustrinu [Reynistaðaklaustri í Skagafirði], lokkuðu mig um ein jól að koma þangað ... og slá upp á langspil, er eg með list kunni, ásamt syngja með sér, hvar af klausturhaldari hafði stóra lyst á stundum.²¹

Löngu síðar á ævinni var Jón á ferð um Borgarfjörð og þáði næturgistingu á Bæ:

... sá eg þar snoturt langspil, er þar hékk, og þarverandi húsmóðir ... átti og brúkaði. Hún ... bauð mér það til að slá upp á það. Og þá eg það reyndi, gat eg það ei fyrir innvortis angursemi og hugsun til fyrri daga, hvað þá hún sá, tók hún sjálf að spila á það ein þau lystilegustu lög, hvar við eg endurlifnaði og fékk þar af sérleg rólegheit.²²

Í ekki mikið yngri heimild, dagbók Henrys Hollands frá 1810, er svo að finna þessa lýsingu á langspilsleik:

... we were surprized by hearing musical sounds, of no mean excellence, coming from an apartment above ... - Upon enquiry we found that the performers were the Atastrood's eldest son & daughter - the instument was one entirely new to us. - It is called in Iceland Lang-Spil ... - The effect of the music is sufficiently pleasant, when heard from a distance; - the tunes played were principally Danish & Norwegian, with a few native Icelandic airs.²³

²⁰ Njáll Sigurðsson: „Um íslenska langspilið“, bls. 18.

²¹ Jón Steingrímsson: *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar*, bls. 69.

²² Jón Steingrímsson: *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar*, bls. 315.

²³ Henry Holland: *The Iceland Journal of Henry Holland 1810*, bls. 155 .

Þessi dæmi gefa til kynna að langspil hafi verið hljóðfæri sem oft hafi verið gripið til á heimilum og það notað, leikendum sem og hlustendum, til yndisauka og dægradvalar. Gera má sér í hugarlund að leikið hafi verið á það fyrir heimilisfólkið á myrkum vetrarkvöldum og slakað á eftir erfiði dagsins. Einnig hefur þegar komið fram að það var notað til undirleiks við söng, og má því ætla að það hafi verið notað þannig á mannamótum. Njáll Sigurðsson, tónlistarfræðingur, heldur því fram að það hafi ekki verið notað við dansleiki, en ekki er hægt að útiloka það, sérstaklega ef höfð er í huga lýsing Idu Pfeiffers á dansleikum í Reykjavík um miðja 19. öldina.²⁴ Vissulega kallar hún hljóðfærið fiðlu (violin) en mögulega hefur það þó verið langspil, enda mun á þeim tíma lítið hafa verið eftir af fiðlum í landinu.

Þó að langspilið muni að öllum líkindum hafa komið til landsins um og eftir miðja 17. öld og þess sé víða getið á þeirri átjándu var það þó algengast á fyrri hluta 19. aldar og eitthvað fram yfir miðja öldina. Eftir miðja 19. öld fór langspilum hægt og bítandi að fækka og munu þau hafa verið svo gott sem horfin fyrir aldamótin 1900.²⁵ Því er ljóst að bæði íslenska fiðlan og langspilið voru horfin af sjónarsviðinu þá um aldamótin og verður í næstu köflum grennslast fyrir um það hvenær þessi hljóðfæri hurfu og hvaða hljóðfæri komu í staðinn.

3. Innreið nýrrar tónfræði

Til að skilja af hverju fiðlan og langspilið hurfu af sjónarsviðinu verður fyrst að gæta að því að þau voru hluti tónmáls og tónheims sem var horfinn annars staðar í Evrópu um 1800. Til að skýra þetta og fara fljótt yfir sögu segja fyrstu heimildir um söngkennslu á landinu frá skóla þeim er Jón biskup helgi Ögmundarson (d. 1121) stofnaði á Hólum í Hjaltadal árið 1107. Fékk hann franskan prest, Richini eða Ríkini að nafni, til að kenna þar söng og söngfræði. Sú kennsla var fyrst og fremst í kaþólskum tíðasöng eða latínusöng, og var það eina tónfræðikennslan sem hér stóð til boða fram að siðaskiptum. Við siðaskiptin fór latínusöngurinn smám saman að hverfa og í stað hans kom lúterskur kirkjusöngur á íslensku, eða grallarasöngur eins og hann

²⁴ Ida Pfeiffer: *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 90.

²⁵ Bjarni Þorsteinsson: *Þjóðlegt sönglíf á Íslandi að fornu og nýju*, bls. 61 og 63.

var oft nefndur eftir sálmabók Guðbrands biskups Þorlákssonar. Var Grallarinn og tónfræði hans við lýði á Íslandi í rúm 200 ár, eða frá 1594 fram á 19. öld.²⁶

Árið 1801 gaf Magnús Stephensen (1762-1833) út nýja sálmabók sem kölluð var aldamótabókin eða Leirgerður. Hún var sett til höfuðs grallarasöng, sem sór sig í ætt við miðalda- eða kirkjutóntegundir svokallaðar, og átti að innleiða yngri og fágaðri sönghefð meginlandsins að mati Magnúsar. Þetta gerði Magnús óumdeilanlega í anda upplýsingarmanna sem höfðu fræðslu að leiðarljósi til að berjast gegn ómenningu og þekkingarleysi alþýðu eftir þeirra eigin skilningi. Í eftirmála aldamótabókarinnar sagði hann grallarasönginn til dæmis „óumbættan vana-saung“. Enn fremur sagði hann:

ad hvørr gauli í belg og kjeppist máta- og adgreiníngar-laust, sumir að grípa hvørr fram fyrir annann og øndina á lopti, stundum í midjum ordum og meiníngum, og sumir að draga seyminn í saung, hvørr ødrum lengur ... Þad er ljótt bædi ad heyra og sjá, þegar saungvarar kúga upp skræki á stángli med uppblásnum æðum á höfði og øllu andliti af ofraun.²⁷

En Grallarinn var Íslendingum hjartfólginn og segir Hallgrímur Helgason

að aldrei hafi almennur kirkjusöngur dafnað á Íslandi jafnvel sem á þessu nær því 300 ára skeiði Grallara, án orgels, án allra hljóðfæra. Margir hlökkuðu jafnan til kirkjuferða, ekki sízt vegna þess að þá gafst öllum kostur á að beita eigin söngrödd, hverjum einum eftir kunnáttu sinni og tónvísi. Þetta var blómatími barkasöngs.²⁸

Þó að þessar tilraunir Magnúsar til að betrumbæta sönglíf þjóðarinnar hafi ekki borið mikinn árangur þá ruddu þær vissulega braut fyrir síðari tilraunir. Næstur til að reyna að dreifa nýju tónfræðinni um landið var Ari Sæmundsen (1797-1876). Ari, sem hafði numið almenna söngfræði og hljóðfæraleik hjá Magnúsi, gaf út *Leiðarvísi til að spila á langspil* árið 1855. Var þetta verk víða notað til að læra ný sálmalög samkvæmt hinni nýju tónfræði. En þrátt fyrir að hafa tileinkað verkið Pétri Guðjohnsen, einum helsta frumkvöðli í endurnýjun íslenskrar tónlistar, og sem nánar verður fjallað um síðar, var Pétur ekki hrifinn af langspilinu, enda hentaði það illa hinni nýju tónfræði.

²⁶ Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 23-24, 42-43.

²⁷ *Evangelísk-kristileg Messu-saungs- og Sálmabók*, bls. 282-283.

²⁸ Hallgrímur Helgason: *Tónskáld og tónmenntir*, bls. 193.

Hann varaði við óhreinum tónum langspilsins og sagði þau „eyðileggja eyrun á blessuðu fólkinu.“²⁹

Ef hin nýja tónfræði átti að ná fótfestu var því þörf á nýjum hljóðfærum sem betur féllu að henni en gamla íslenska fiðlan og langspilið.

4. Orgelhljóðfæri

Þegar hefur komið fram að einhverjar tegundir orgelhljóðfæra komu til landsins á 14., 16. og 17. öld en saga þeirra í Evrópu er mun eldri. Elsta orgel, sem sögur fara af, fannst í Grikklandi og mun það vera nærri því 2300 ára gamalt og var knúið með vatnsafla. Æ síðan hafa einhverjar tegundir orgela með hljómborði verið til. Orgelið hvarf svo úr Vestur-Evrópu við fall Rómaveldis en kom aftur fram á 9.-10. öld. Um 1300 fór það svo að breytast í kirkjuhljóðfæri og hélt sú þróun áfram næstu aldir. Einnig jókst vegur þeirra utan kirkna, og voru orgel víða til í Evrópu á 16. og 17. öld og í Ameríku strax á 18. öld. Voru þetta yfirleitt svokölluð pípuorgel, en þau voru, og eru enn, þannig úr garði gerð að ýtt er á lykil sem opnar fyrir loftstreymi í pípu sem gefur þá frá sér tón.³⁰

En til eru fleiri tegundir hljómborðshljóðfæra og eitt þeirra varð fjótt áberandi á Íslandi á síðustu áratugum 19. aldar enda þótt það kæmi fyrst fram á sjónarsviðið í upphafi 19. aldar. Það var harmóníum sem stundum hefur verið nefnt stofuorgel. Harmóníum er tegund orgels er mest sver sig í ætt við munnhörpu og harmóniku. Þar er notast við þá tækni að blása lofti í gegnum málm tungur eða tónfjaðrir, líkt og þær eru oft nefndar. Þegar loftið þrýstist í gegnum tónfjaðrinnar byrja þær að titra og myndast við það tónn. Er svona fjaðraorgel ólíkt eldri orgelum þar sem notast var við pípur til að mynda tónana. Orðið harmóníum finnst fyrst í einkaleyfi frá 1840 til handa A. François Debain en hann seldi réttinn til að framleiða hljóðfærið til fyrirtækisins *Alexandre père et fils* árið 1844 og náði harmóníum þá strax miklum vinsældum, enda ódýrt miðað við pípuorgelið.³¹

²⁹ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 51.

³⁰ Anthony Baines: *The Oxford Companion to Musical Instruments*, bls. 237-238. Bert Oling: *The Complete Encyclopedia of Musical Instruments*, bls. 184-188.

³¹ Anthony Baines: *The Oxford Companion to Musical Instruments*. bls. 146. – Enska orðið *organ* og þýska orðið *Orgel* merja bæði pípuorgel, sbr. *organisti*. Íslenska orðið *orgel* nær yfir bæði pípuorgel og harmóníum og verður þeirri málvenju haldið hér í ritgerðinni.

Eins og fyrr segir þá höfðu orgelhljóðfæri miðalda ekki náð að festa sig í sessi á Íslandi og það var ekki fyrr en Magnús Stephensen flutti með sér til landsins svokallað „Orgelverks“-hljóðfæri, líkast til pípuorgel, árið 1800 að eiginlegt skrið komst á innreið þessara nýju vestrænu hljóðfæra til Íslands.³² „Orgelverks“-hljóðfærið var notað við messugjörð í Leirárkirkju í Borgarfirði til 1803, er Magnús flutti að Innra-Hólma og hafði það með sér. Árið 1819 var það flutt til Viðeyjar og notað þar við messugjörð til dauðadags Magnúsar, 1833. Hann lék á það sjálfur og kenndi öðrum en fljótlega eftir að Magnús dó var hljóðfærið selt úr landi.³³ Það féll því í skaut síðari tíma manna að koma á þeim sið að leika á orgelhljóðfæri, það er harmóníum (fjaðraorgel) og pípuorgel, við messur. Fyrstur þeirra var Pétur Guðjohnsen (1812-1877) er hóf að innleiða orgel við messuhald sem og að auka kunnáttu og þekkingu almennings á sönglist og tónfræði.

Pétur Guðjohnsen hélt til Danmerkur árið 1837 í barnakennaranám. Í því fólst einnig tónfræði og orgelleikur. Hann heillaðist af þessari „réttu“ mynd tónlistariðkunar.

Jafnframt hvarflaði hugurinn heim. Honum gramdist, að enginn skyldi enn hafa orðið til þess að kynna Íslendingum allan þann fögnuð, er tónlistin veitir, þegar hún kemur fram í sinni réttu mynd. Hann fann til vegna kirkjusöngsins á Íslandi, sökum þess hve vanskapaður og afskræmdur hann var og hversu illa hann samsvaraði tilgangi sínum.³⁴

Hann hét því að gera allt sem í hans valdi stæði til að bæta úr þessu og er hann fann sig hæfan til að leiðbeina í þeim efnunum og leika á pípuorgel við guðsþjónustur, þá mun hann hafa skrifað heim og hvatt Reykvíkinga til að kaupa slíkt orgel í Dómkirkjuna í Reykjavík. Var vel tekið í þessar óskir hans og var komið pípuorgel í Dómkirkjuna er hann sneri heim úr námi vorið 1840, og gerðist hann þá organisti þar.³⁵

Hallgrímur Helgason heldur því fram að Pétur hafi þá verið sá eini á landinu er kunnir að leika á pípuorgel, en þrátt fyrir að vinna að útbreiðslu tónlistar með kennslu í Latínuskólanum, orgelleik og útgáfustarfsemi, þá hafi hann ekki viljað kenna öðrum á orgelið. Árið 1860 var orgelið sent í viðgerð til Danmerkur og mun Pétur þá hafa

³² Smári Ólason: „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 378.

³³ Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 61.

³⁴ Þórir Stephensen: *Dómkirkjan í Reykjavík*, 2. bindi, bls. 162.

³⁵ Þórir Stephensen: *Dómkirkjan í Reykjavík*, 2. bindi, bls. 162.

krafist launahækkunar, ellegar neita að spila við messur. Stiftamtmaður mun hafa tekið illa í það en á almennum borgarafundi í Reykjavík var vel tekið í þessa beiðni hans, en hann jafnframt beðinn „að kenna efnilegum manni að spila á orgnið fyrir aukabóknun. ... en þó ólíklegt megi virðast, þá aftók hann að veita öðrum tilsögn í orgelspili.“³⁶

Í bók sinni, *Dómkirkjan í Reykjavík*, segir Þórir Stephensen, staðarhaldari í Viðey, enn fremur:

Ekki er vitað um marga, sem lærðu á orgel hjá Pétri. Lára, elsta dóttir hans, sem síðar giftist sr. Jóni Bjarnasyni í Winnipeg, lærði af föður sínum og kenndi yngri systkinunum. Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld lærði einnig hjá Pétri og mun hafa gegnt organistastarfinu fyrir hann, meðan hann var erlendis veturinn 1865-1866. Þegar Pétur sótti um prestsembættið í Vestmannaeyjum 1859, ákvað bæjarstjórn Reykjavíkur að veita sérstaka fjárupphæð til þess að hann kenndi manni, er gæti tekið við organistastarfinu af honum. Var það einn af skólapiltum, Steinn Steinsen, sem síðast var prestur í Árnesi á Ströndum. Pétur fékk ekki Vestmannaeyjar. Því varð ekki mikið af þessari kennslu og ekkert af fjárveitingunni. Um aðra er ekki vitað. T.d. er mönnum ekki kunnugt, hvort leikið hefur verið á orgelið við messur, meðan Pétur var settur sýslumaður Árnesinga frá júlí 1849 til jafnlengdar 1850.³⁷

Þessi ummæli Hallgríms Helgasonar og Þóris Stephensens virðast hins vegar í ósamræmi við heimild frá lokum 19. aldar þar sem segir:

Pétur Guðjónsson kendi mörgum að leika á harmóníum, ekki síður en að sýngja, og varð það meðal annars orsök þess að harmónía fóru að breiðast út um landið.³⁸

Af framansögðu má ætla að Pétur hafi veitt nokkra tilsögn í harmóníumleik, þó óvíst sé hvort hann hafi kennt mikið á pípuorgelið. Brautryðjendastarf hans virðist fyrst og fremst hafa legið í því að leika sjálfur á orgel við messur og gera þannig kirkjugestum kleift að venjast þessu hljóðfæri og nýjum sálmalögum. Annar þáttur í fræðslu Péturs var þó söngkennsla í Latínuskólanum sem hann tók að sér sumarið 1846 og enn fremur tónkennsla í Prestaskólanum. Lærðu þá verðandi prestar hinn nýja söng og

³⁶ Tilvitnun fegin úr: Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 59.

³⁷ Þórir Stephensen: *Dómkirkjan í Reykjavík*, 2. bindi, bls. 165-166.

³⁸ *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 2. bindi, bls. 272.

hefur það svo óumdeilanlega haft bein áhrif á útbreiðslu harmóníum-hljóðfæra í kirkjum landsins.³⁹

En fleiri létu til sín taka í vakningu nýrrar sönghefðar á Íslandi og stóðu þar fáir framur en Jónas Helgason (1839-1903). Með Jónasi hófst mikil söngvakning um allt landið og átti kennsla hans í orgelleik gífurlega stóran þátt í dreifingu harmóníum-hljóðfæra um sveitakirkjur landsins. Árið 1877 tók Jónas við starfi dómkirkjuorganista að Pétri Guðjohnsen látnum og gegndi því til æviloka 1903. Þó mun Jónas ekki hafa leikið mikið á pípuorgel í því starfi, líkt og Pétur gerði, heldur hafa notast mest við harmóníum. Ástæða þess er sú að mikill raki og skortur á upphitun var í Dómkirkjunni og það fór illa með pípuorgelið sem þarfnaðist stöðugra viðgerða. Árið 1860 hafði það verið sent til Danmerkur í alhliða viðgerð, en það dugði skammt og fljótlega voru viðgerðir og viðhald orgelsins orðinn árlegur viðburður. Árið 1874 var orgelið svo algjörlega gert upp af Jónasi og Einari Jónssyni trésmiði í Reykjavík. Árið 1879 var hafist handa við viðgerð á Dómkirkjunni sjálfri, og var orgelið þá tekið niður og það geymt á kirkjuloftinu og notaðist Jónas þá við harmóníum. Þegar viðgerðum á kirkjunni lauk var orgelið sett upp aftur en fengust þá engin hljóð úr því og var því notast við harmóníum áfram. Árið 1881 var orgelið svo enn einu sinni gert upp en svo virðist sem að notkun þess hafi verið hætt 1891 og árið 1893 var það talið ónýtt og tekið niður. Það sama ár var keypt kirkjuharmóníum, en Jónas hafði fram að þeim tíma aðeins leikið á lítið stofuharmóníum sem hann hafði sjálfur lánað kirkjunni. Engin ánægja ríkti þó með þetta nýja hljóðfæri og var því safnað fyrir almennilegu pípuorgeli sem var svo tekið í notkun 27. júní 1904. En Jónas var þá látinn og féll það því í skaut nýs dómkirkjuorganista, Brynjólfs Þorlákssonar, að vígja það.⁴⁰

Í starfi dómkirkjuorganista var Jónas mjög iðinn og gaf hann út urmúl sönglagasafna: *Söngvar og kvæði* 1.-6. hefti 1877-1888, *Sálmalag með þremur röddum*, 1.-2. hefti 1878-1880 og *Leiðarvísi um notkun á raddfærum mannsins* 1883. Og síðast en ekki síst *Söngkennslubækur fyrir byrjendur* 1.-10. hefti 1882-1901. Auk þessa kenndi Jónas á harmóníum og streymdu til hans nemendur alls staðar að. Jónas átti, ásamt Theódóri Ólafssyni (1853-1906), stærstan þátt í útbreiðslu harmóníum-

³⁹ Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Pétur Guðjohnsen.

⁴⁰ Þórir Stephensen: *Dómkirkjan í Reykjavík*, 2. bindi, bls. 151-154, Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Þegar Pétur Guðjohnsen sótti um Vestmanneyjar

hljóðfæra um kirkjur landsins og varð faðir Theódórs, Ólafur Pálsson (1814-1876) prestur, fyrstur til að nýta sér harmóníuspil við messur í kirkju sinni á Melstað í Miðfirði 1872 en fram að því hafði hljóðfæraleikur ekki tíðkast í kirkjum landsins. Þessi nýjung spurðist fljótt út og brátt fóru aðrar kirkjur að nota harmóníum: Arnarbæli 1874, Staður í Hrutafirði 1875, Stokkseyri 1876, Kaupangur 1878, Stykkishólmur 1879 og Akranes 1880. Árið 1881 var áhugi presta og ríkisvalds á að ráða organista orðinn það mikill að Alþingi ákvað að greiða Jónasi 1000 krónur á ári fyrir endurgjaldslausu þjálfun verðandi kirkjuorganista. Lærði fjöldi manna af öllu landinu hjá Jónasi.⁴¹

Einn þeirra sem nýtti sér kennslu Jónasar á harmóníum var Brynjólfur Þorláksson (1867-1950). Átján ára gamall stundaði hann nám hjá Jónasi. Af fjárhagslegum ástæðum gat Brynjólfur ekki orðið sér út um hljóðfæri til að æfa sig á en fékk að nota harmóníum hjá Benedikt Ásgrímssyni (1845-1921) gullsmiði á Vesturgötu. Benedikt leyfði fleiri piltum að æfa sig endurgjaldslaust á hljóðfæri sitt. Brynjólfur lærði einnig píanóleik í tvö ár hjá frú Önnu Pétursson, sem betur verður sagt frá síðar, en lagði mesta áherslu á harmóníumleik. Árið 1897 hlaut hann 800 kr. styrk frá Alþingi til frekara náms og 1898 hélt hann til Kaupmannahafnar þar sem hann lærði orgelleik hjá prófessor Nebelong, organista við Jóhannesar-kirkju, og tónfræði hjá Peter Rasmussen organista við Garnison-kirkju. Í Kaupmannahöfn dvaldi Brynjólfur veturlangt og stundaði nám sitt af miklum dugnaði þessa tíu mánuði sem hann var úti, en þegar heim kom þótti hann orðinn einn færasti harmóníumleikari landsins. Hann tók við organistastöðunni við dómkirkjuna af Jónasi 1903 en jafnframt því stjórnaði hann kórum, kenndi söng við Barnaskólann í Reykjavík og sá um kennslu organista.⁴²

Önnur driffjöður í tónlistarlífi landsmanna var Magnús organisti Einarsson (1848-1934). Magnús var forfallinn tónlistarunnandi og kynntist æðri tónlist fyrst skömmu eftir að hann réðst í vinnumennsku til Stóra-Eyjarlands árið 1874. Í útfararræðu séra Friðriks J. Rafnars var kynnum Magnúsar af tónlist lýst svo:

Eg minnst í því sambandi sögu, sem hann sagði mér sjálfur frá æskudögum sínum hér á Eyjarlandi. Hann hafði verið sendur ofan í bæinn einhverra erinda, og átti að vera fljótur. En þegar hann var á heimleið, að afloknu erindi, heyrði hann allt í einu undarlega, og ekki síður unaðslega hljóma,

⁴¹ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 61-64.

⁴² Baldur Andrésson: *Tónlistarsaga Reykjavíkur*. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Brynjólfur Þorláksson

sem hann í fyrstu ekki skildi eða vissi hvað var. Hann settist, einhverstaðar í brekkunum, og gleymdi sér með öllu. Hann sagði mér sjálfur, að hann minntist ekki að að hafa nokkur tíma á ævinni komist í slíkt hrifningarástand. Þegar hann áttaði sig aftur var dagur liðinn að kveldi og hann fékk ómjúkar aðfinningar þegar heim kom fyrir hve lengi hann var. Það sem hann hafði heyrt var hornablástur frá ensku herskipi sem lá hér á höfninni. Þetta atvik varð til þess að vekja hann. Frá þeim degi vissi hann hvað hljómlist var, og frá þeim degi ákvað hann að ganga í þjónustu söngdísarinnar og þjóna henni alla ævi sína.⁴³

Árið 1875 bað Magnús bæjarstjórn Akureyrar um styrk til náms í harmóníumleik, með það í huga að taka stöðu organista við kirkju bæjarins, sem þá var laus og engin hæfur til að gegna. Magnús fékk styrk og hélt þá til Melstaðar í Miðfirði þar sem fyrrnefndur Theodór Ólafsson veitti honum í nokkrar vikur tilsögn í harmóníumleik. Theodór var forsöngvari kirkjukórsins, og ekki má ólíklegt telja að hann hafi einnig verið organisti hennar, en Melstaður var einmitt fyrsta sveitakirkjan til að nýta harmóníum við messur eins og áður er sagt og Theodór hafði öðlast talsverða leikni á það hljóðfæri á æskuárum sínum í Reykjavík.⁴⁴

Eftir námið gerðist Magnús organisti við Akureyrarkirkju en árið 1877 ákvað hann að bæta kunnáttu sína og hélt í nám til Jónasar Helgasonar í Reykjavík. Að því loknu sneri hann sér sjálfur að kennslu í harmóníumleik og söng, auk þess að gegna organistastarfinu.⁴⁵ Árið 1893 bað Magnús aftur um styrk frá Akureyrarbæ til frekara tónlistarnáms og fékk 150 kr. Hélt hann þá til Kaupmannahafnar og lagði stund á nám hjá Viggo Sanne söngkennara við Hina sameinuðu kirkjuskóla.⁴⁶

Einnig má nefna til sögunnar Helga Helgason (1848-1922), bróður Jónasar. Hann lærði harmóníumleik líkt og bróðir sinn, og í raun flestir þeir er þá list lögðu fyrir sig, hjá Önnu Pétursson. Árið 1883 hélt Helgi til Kaupmannahafnar til að læra harmóníumsmíði og fyrir fyrsta hljóðfærið af þessu tagi er hann smíðaði fékk hann verðlaun á iðnsýningu í Reykjavík. Var það sama ár og hann fór til náms í iðninni, 1883. Löngu síðar smíðaði hann pípuorgel í Wynyard í Kanada og annað fyrir Fríkirkjuna í Hafnarfirði auk þess sem hann gerði við harmóníum í

⁴³ Aðalgeir Kristjánsson: *Magnús organisti*, bls. 30-31.

⁴⁴ Aðalgeir Kristjánsson: *Magnús organisti*, bls.36-37.

⁴⁵ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 376.

⁴⁶ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 377-378.

Vestmannaeyjum.⁴⁷ Áhugi Helga sveigðist þó ekki til harmóníumleiks heldur til lúðrablasturs, en tónlistaráhugi hans var engu að síður mikill og mun Helgi koma meira við sögu síðar.

Mörg dæmi eru um þá lífsnautn sem orgelleikur veitti mönnum og skýrir það að sínu leyti mikla útbreiðslu harmóníums sem alþýðuhljóðfæris. Bjarni Kjartansson (1882-1963), trésmiður, minnst orgels í heldri stofunni á æskuheimili sínu á Búðum á Snæfellsnesi. Stofan var gjarnan læst nema þegar gesti bar að, en faðir Bjarna, Kjartan Þorkelsson, verslunarmaður með fleiru, var einn um að mega nota stofuna en „[t]ónlist var eftirlætis hugarefni hans. Segja mátti með sannni að tónlist var honum í blóð borin. ... [O]rgelið ... var honum kærara en nokkur annar hlutur. Hann notaði hverja stund sem hann gat til að leika á það.“ Bjarni sjálfur lærði svo á orgel í tvo vetur hjá Jónasi Helgasyni.⁴⁸

Og orgelin virðast hafa náð líka til afdalabænda og í endurminningum sínum minntist Einar Jónsson (1874-1954), myndhöggvari, þeirra Sæmundar og Einars Einarssona, Laxárdalsbræðra í Gnúpverjahreppi.

Þeir voru bændur í afskekktum afdal, en stunduðu þó söng og hljóðfæraslát af hjartans löngun og list. Og Einar fékkst jafnvel við sönglagasmíðar, og báru lög hans vott um gáfaða og söngelska sál. Hann var mjög vel hagrur á tré, járn og kopar og smíðaði margt, þar á meðal saumavél og mörg orgel, sem fóru í ýmsar kirkjur. Man ég, að einu sinni á jóladag kom hann til Hrepphólakirkju frá Laxárdal með eitt af orgelunum sínum, bar það á bakinu þenna langa veg, (önnur saga segir, að hann hafi reitt það á hesti), yfir bratta hálsa og fannir. Hann var stór maður og sterkur, og aldrei gleymi ég honum, er hann sat í þetta skipti í Hólakirkju og lék á orgelið sitt með bros á andliti. Ekkert annað en ást hans á sönglistinni knúði hann til þessa, því að launin, sem hann fékk, voru því miður aðeins háð og spott hjá ýmsum.⁴⁹

Annar sveitamaður minntist orgelleiks frá barnæsku sinni á síðari hluta 19. aldar. Var það Tryggvi Jónsson frá Húsafelli (1869-1947), sem betur verður sagt frá í kaflanum um harmóníkur. Tryggvi sagði að þegar líða fór að fermingu hans hafi komið hafi komið barnakennari að Húsafelli:

⁴⁷ Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Helgi Helgason. Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 89. Dagný Heiðdal: *Aldamótakonur og íslensk listvakning*, bls. 67.

⁴⁸ Gylfi Gröndal: „Forarmógröf og fineriisstykki“, bls. 12,15.

⁴⁹ Einar Jónsson: *Minningar: Skoðanir*, bls. 66-67.

hafði hann með sér orgel. Hann kenndi mér nokkuð í söngfræði og ofurlítið að þekkja nótur á orgelinu. – Þessi námstími var aðeins þrjár vikur. En áður en kennarinn fór, kunni eg að spila „*Heims um ból*“, blessaðan hátíðlega jólasönginn. Um hrifningu mína af því er ekki hægt að tala. Hún var voldug og sterk. Þarna hafði eg fengið að svífa á vengjum samhljóma. Og eg fann, að þar – og aðeins þar – gat sál mín notið friðar og unaðar í fullum mæli. ... Eftir að kennarinn fór – og orgelið líka – leið mér mjög illa. Var þá vonlaus um að fá nokkurn tíma framár að sjá eða heyra þessar ljúfu og hrífandi harmoníur!⁵⁰

En harmóníum og pípuorgel voru ekki einu hljóðfærin sem bárust til landsins með nýjum tónfræðilegum hugmyndum og liggur næst við að nefna píanó.

5. Píanó

Píanóið er, líkt og pípuorgel og harmóníum, hljómborðshljóðfæri en það er þó ekki skylt þeim, því að á meðan lofti er blásið um pípur eða tónfjaðrir er píanó strengjahljóðfæri með hömrum. Einn af fyrirrennrum píanós var klavikord, sem hugsanlega hefur borist til Íslands fljótlega eftir að það var fundið upp á miðöldum. Að minnsta kosti þekktu Íslendingar til þess þá strax.⁵¹ Ýmsar útfærslur urðu svo til af hljómborðshljóðfærum með strengjum í gegnum aldirnar. Píanó varð svo til með því að sameina eiginleika klavikords og harpiskords, sem var svipað hljóðfæri en með aðra eiginleika í spilun. Það var Ítalinn Cristofori sem gerði það um 1709 og um 1800 var píanóið, eða píanóforte, eins og hljóðfærið hét þá, búið að ýta til hliðar klavikordinu og harpiskordinu.⁵²

Píanó virðast ekki hafa verið mjög lengi að berast til Íslands því í fyrrnefndri ferðasögu Idu Pfeiffers frá 1845 er getið um píanó á þeim tíma, 45 árum eftir að „Orgelverks“-hljóðfæri Magnúsar Stephensens kom til landsins. Segist Pfeiffer hafa séð píanó í einu af heldri húsunum í Hafnarfirði og bætir við:

To my great surprice, I found no less then six square pianofortes belonging to different families in Reikjavik, and heard waltzes by our favourite composers, besides variations of Herz, and some pieces of Liszt, Wilmer,

⁵⁰ Tryggvi Jónsson: *Árblik og aftanskin*, bls. 25-26.

⁵¹ Smári Ólason: „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 375.

⁵² Anthony Baines: *The Oxford Companion to Musical Instruments*, bls. 254-255. Bert Oling: *The Complete Encyclopedia of Musical Instruments*, bls. 199.

and Thalberg. But such playing! I do not think that these talented composers would have recognised their own work.⁵³

Þrátt fyrir þessa slöku kunnáttu Reykvíkinga á þessum árum benda orð Pfeiffers til þess að á þessum tíma hafi píanó verið orðið heimilishljóðfæri hjá efnafólki. Því er ljóst að píanó hafa ekki verið svo sjaldgæf sjón árið 1845 þó engin hafi hér verið um aldamótin 1800. Hins vegar mun spilakunnáttan hafa verið afar takmörkuð.

Þrjátíu árum síðar var staðan ekki mikið breytt. Árni Thorsteinson (1870-1962), tónskáld, lýsir í endurminningum sínum stuttlega stöðu hljóðfæra á 1000 ára byggðarafmæli landsins (1874). Árni var þá að vísu aðeins fjögurra ára og ritar æviminningar sínar mörgum áratugum síðar og því ekki hægt að taka þessi orð hans sem heilagan sannleik en hann segir þó:

Hljóðfæri voru að vísu til á einstaka heimili, en fáir kunnu að leika á þau að nokkru ráði. Helzt voru það heimasæturnar, sem iðkuðu píanóleik sér til ánægju og gestum til skemmtunar í boðum og samkvæmum.⁵⁴

Árni minntist sjálfur píanóa fyrir aldamótin, var eitt í eigu C. Gouldrée-Boilleau baróns, sem betur verður sagt frá síðar. Þetta mun hafa verið flygill og þá hugsanlega sá fyrsti sem kom til landsins.⁵⁵ Einnig minntist Árni píanóa foreldra sinna og móðurbróðurs:

Fyrst eftir að ég fluttist heiman að frá foreldrum mínum, hafði ég ekkert hljóðfæri...

Ekki leið þó á löngu, að ég eignaðist píanó. Atvikaðist það þannig, að Steingrímur Johnsen, móðurbróðir minn, andaðist 1901, fékk ég píanóið hans með öllum þeim minningum, sem því voru tengdar. ... Píanóið er á aldur við mig, en upphaflega var það keypt frá Þýzkalandi af Hannesi Johnsen, og gaf hann Símoni syni sínum það í brúðargjöf 1873, en eftir lát Símonar 1884 fékk Steingrímur það.

Píanóið, sem foreldrar mínir áttu, er einnig komið til ára sinna, en það var til, þegar ég man fyrst eftir mér.⁵⁶

Einn merkasti píanóleikari Íslands á þessum tíma var Sveinbjörn Sveinbjörnsson (1847-1927). Hann kom þó ekki mikið við sögu hljóðfæramenningar á Íslandi þar sem

⁵³ Ida Pfeiffer: *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 91.

⁵⁴ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 24.

⁵⁵ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 232, 261.

⁵⁶ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 229-230.

hann settist að erlendis. Sveinbjörn var fyrsti hámenntaði tónlistarmaður Íslands. Hann hafði lært söng hjá Pétri Guðjohnsen, fengið tilsögn í gítarspili og lært píanóleik hjá Ástríði Melsteð (1825-1897), eiginkonu Sigurðar Melsteðs, forstöðumanns Prestaskólans, og Þórhildi Tómasdóttur (1835-1923), eiginkonu Helga Hálfðanarsonar, prestaskólakennara. Árið 1868 fluttist hann til Edinborgar en hélt svo til Kaupmannahafnar 1869 þar sem hann stundaði nám í píanóleik og hljómfræði. Hann fékk leiðsögn í Leipzig á árunum 1872-1873 og lauk þar með námi hans undir leiðsögn kennara. Sveinbjörn settist svo að í Edinborg og gerist eftirsóttur píanókennari jafnframt því að semja fleiri tónsmíðar og umfangsmeiri en áður hafði verið gert af Íslendingi. Hann hélt einnig víða tónleika með verkum sínum, sem voru gefin út í fimm löndum meðan hann var enn á lífi. Hann samdi til að mynda þjóðsöng Íslendinga, *Ó, guð vors lands*. Árið 1919 fluttist hann til Kanada en eftir að þangað kom ákvað íslenska ríkið „að veita Sveinbirni 4000 króna árslaun til að vinna að útbreiðslu sönglistar.“ Þess vegna flutti hann árið 1922 aftur til Reykjavíkur og kenndi píanóleik og vann við uppfærslu verka sinna á hljómleikum og stjórnaði stúdentakór. Árið 1924 hélt hann aftur til Kaupmannahafnar og andast þar 1927 við leigupíanó sitt.⁵⁷ Bein áhrif Sveinbjörns á hljóðfæraleik landsmanna virðast því ekki ýkjamikil við fyrstu sýn en aftur á móti höfðu tónverk hans talsverð áhrif hér til lengri tíma lítið, enda hér um fyrsta „stóra“ tónskáld Íslands að ræða.

Áhrifamesta manneskjan í dreifingu píanóa um landið, sem og harmóníumleiks og tónlistar yfir höfuð, var aftur á móti óumdeilanlega Anna Pétursson. Hún var einn fyrsti menntaði píanókennari landsins og svo til allir er lögðu fyrir sig harmóníum- eða píanóleik lærðu fyrst hjá henni og hafa átt henni þakkarskuldir að gjalda. Staða píanós styrktist einnig talsvert eftir að hún hóf kennslu og virðast þau ekki hafa verið óalgeng sjón á heldri manna heimilum um aldamótin 1900. Betur verður þó sagt frá Önnu síðar.

6. Blásturshljóðfæri og lúðrasveitir

Saga blásturshljóðfæra er ævaforin og nær langt aftur fyrir sögulegan tíma. Þau voru ýmist gerð úr við, beinum eða hornum, og síðar meir málmi, og því er til ógrynni af

⁵⁷ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 82.

mismunandi tegundum blásturshljóðfæra, og því ógerlegt að að gefa heildstæða mynd af þróun þeirra. Hér verða einungis þau helstu nefnd.

Blokkflautan er yfir fimm þúsund ára gömul og var einstaklega vinsælt hljóðfæri á miðöldum en náði svo hátindi vinsælda sinna á 15. og 16. öld

Þverflautan er yfir þrjú þúsund ára gömul og kemur frá Austur-Asíu. Nútíma-þverflauta kom fyrst fram um 1660 og á 18. öld var hún orðin vinsælasta blásturshljóðfæri Evrópu. Er það trúlegt að það hafi verið þverflautan, fremur en blokkflautan, sem þekktist á Íslandi á 19. öld.

Fagott er talið vera frá 1570 eða þar um bil en fékk þó ekki á sig nútímamynd fyrr en á 19. öld.

Óbó er hannað upp úr öðrum hljóðfærum og var fyrsta óbóíð smíðað í Frakklandi um 1650 og á 18. öld var það orðið vinsælt hljóðfæri, ekki síst þar sem J.S. Bach notaðist við það.

Klarinett var, líkt og óbóíð, hannað upp úr öðru hljóðfæri laust eftir aldamótin 1700 og byrjuðu vinsældir þess að aukast er líða tók á 19. öld.⁵⁸

Af þessum hljóðfærum náði flauta og lúður helst vinsældum á Íslandi og skal nú litið yfir sögu þeirra.

6.1 Flautur og munnhörpur

Eins og kom fram í kaflanum um hljóðfæri Íslendinga til forna þá virðast Íslendingar, að minnsta kosti kirkjunnar menn, alltaf hafa þekkt til einhverra blásturshljóðfæra og er það víst að flautur hafa verið til á 18. öld og jafnvel fyrr.⁵⁹ En fyrsti flautuleikarinn sem hægt er að nafngreina er Magnús Stephensen, sem fyrr var um rætt vegna nýrrar tónfræði og orgelleiks. Magnús lék á þverflautu, sem hann hafði lært að leika á á námsárum sínum í Kaupmannahöfn, 1781-88. Án efa kenndi hann síðar Sveinbirni Egilssyni (1791-1852), fóstursyni sínum, síðar rektor, að leika á þetta hljóðfæri og eru til sögur af flautunámi Sveinbjarnar í Kaupmannahöfn. Einnig er að finna í Þjóðminjasafni Reykjavíkur tvær þverflautur sem taldar eru komnar úr fórum hans. Lýsir Jón Árnason bókavörður flautuleik Sveinbjarnar svo:

⁵⁸ Bert Oling: *The Complete Encyclopedia of Musical Instruments*, bls. 74, 78, 81-82, 88-89, 98-99, 101-102.

⁵⁹ Smári Ólason: „Organ, trómet og harpan söng“, bls. 378.

Mér er enn í minni eftir að ég var svo heppinn að komast í hús á Eyvindarstöðum 1843, hvílikur fögnuður það var á vetrarkvöldin, þegar húma tók, fyrir börnin að flykkjast þá inn í stofuna til hans og annaðhvort stíga dans eða syngja undir er hann brá til gamla vanans og blés bæði þeim og sér til gamans í þverpípu. Var þá tíðum að heyra samsöng og dynjandi dansleik.⁶⁰

Flautuleikur var einnig iðkaður á svonefndum „þíuböllum“, dansleikjum sem haldnir voru í Reykjavík eftir aldamótin 1800. Þeir voru haldnir í svokölluðum „klúbbum“ og oftast var það veitingamaðurinn sem lék á flautuna. Þessir dansleikir voru fyrir alþýðu þó „klúbburinn“ sjálfur hafi verið fyrir heldra fólk.⁶¹ Væntanlega voru þetta svipaðir dansleikir og minnst var á í kaflanum um gömlu íslensku fiðluna og gat Ida Pfeiffer þess að þar væri notast við flautur auk fiðluleiks.⁶²

Ekki mun almenningur, sem ekki tók þátt í lúðrasveitum, mikið hafa leikið á blásturshljóðfæri, og þau hafa áreiðanlega svo til eingöngu hafa verið bundin við lúðrasveitirnar. Eitthvað hefur það þó þekkt eins og sést á fyrrgreindum flautuleik þeirra Magnúsar Stephensens og Sveinbjarnar Egilssonar. Fleiri hafa þeir líka verið og má nefna Arngrím málara Gíslason (1829-1887), sem meira verður frá sagt síðar. Hann lék á flautu og fiðlu og sagði Jón Jónsson frá Vogum að „[h]ann hafði jafnan hljóðfæri sín, flautu og fiðlu, með sér og var síspilandi á heimilum og mannamótum.“⁶³ Gísli Jónsson, menntaskólakennari á Akureyri, skrifaði minningabrot Gísla frá Hofi, afa síns, og er þar minnst þess er hann heyrði flautuleik Arngríms í fyrsta skipti:

Einu sinni sá ég [Gísli] hjá honum hljóðfæri, sem ég vissi ekki þá hvað hét, en seinna komst að að var flauta. Langaði mig mjög til að heyra í henni og hafði mig á endanum til að biðja hann að spila. Tók hann því ekki ólíklega, en segir: „Þú verður að fara með hana suður að læk og leggja hana í bleyti.“ Þetta þótti mér kynlegt og hélt hann væri að snúa mig út af laginu. Hefur hann víst tekið eftir því og segir: „Það er alvara mín.“ Fór ég þá suður í læk og drap flautunni niður í lækinn. Þegar vatnið var sigið af henni, tók hann til að spila. Þótti mér það góð skemmtun, en var þó ekki eins hrifinn af því og fiðluspílinu.⁶⁴

⁶⁰ Tilvitnun fengin úr: *Skært lúðrar hljóma*, bls. 12-13.

⁶¹ Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, 2. bindi, bls. 262.

⁶² Baldur Andrésson: *Tónlistarsaga Reykjavíkur*. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Sönglíf í Reykjavík á fyrri hluta 19. aldar

⁶³ Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson: *Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Þingeyjarsýslu*, bls. 16.

⁶⁴ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 79.

Angantýr, sonur Arngríms, minnst einnig sunnudaganna á sumrin, „þegar við börnin hópuðumst kringum hann og hlustuðum á hann spila á flautuna.“⁶⁵

Menn rekja einnig til flautu- og fiðluleiks hans þann mikla vöxt sem hljóp í notkun þessara hljóðfæra í Suður-Þingeyjarsýslu laust eftir miðja 19. öld. Benedikt Jónsson (1846-1939) frá Auðnum í Laxárdal sagði til að mynda að svo mikið kapp var lagt á að öðlast færni á þessi hljóðfæri meðal ungmenna þar í sveit að „dalurinn hjer kvað við af flautuspili smalanna sem kváðust á.“⁶⁶

Af öðrum tegundum blásturshljóðfæra ber að nefna að Ólafur Davíðsson, þjóðfræðingur, segir um 1890 að stöku unglíngur noti munnhörpur.⁶⁷ Þess utan hafi mörg ungmenni verið iðin við að búa sér sjálf til einhvers konar blásturshljóðfæri:

[Ú]nglíngar leika opt á hárgreiðu með vörunum og er þá pappír milli greiðunnar og varanna. Eins búa únglíngar sér opt til hljóðpípur úr tvinnarúllum ... Ýlustrá þekkja allir. En ekkert af þessu ... er þó verulegt hljóðfæri.⁶⁸

6.2 Lúðrar og horn

Fyrstu kynni Íslendinga af lúðrablæstri heillar hljómsveitar urðu ekki fyrr en 1856, en það sumar kom Jérôme Napoleon, bróðursonur Napoleons mikla, til landsins. Hann lét skipshljómsveit sína, 12-13 hljóðfæraleikara, leika á Austurvelli hvert kvöld meðan skip hans var við Reykjavíkurböfn. Má ganga að því vísu að flestir eða allir hljóðfæraleikaranna hafi spilað á blásturshljóðfæri og af fleiri en einni tegund. „[Þ]ókti öllum að því hin ágætasta og sjaldgæfasta skemmtun er heyrðu“, sagði *Þjóðólfur* af þessu tilefni.⁶⁹

Þessi kynni Íslendinga af lúðrasveit voru þó skammvinn og staðbundin og var það ekki fyrr en eftir þjóðhátíðina 1874 sem kynni landsmanna af lúðrasveitum urðu meiri. Eins og fyrr var getið hafði Magnús organisti fyrst heillast af tónlist árið 1874 þegar hann heyrði samleik hornaleikara í ensku herskipi en það var ekki einstakt dæmi. „Í tilefni af hátíðinni komu hér mörg erlend herskip sem höfðu lúðraflokka um

⁶⁵ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 79.

⁶⁶ Þjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 594.

⁶⁷ *Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 2. bindi, bls. 273.

⁶⁸ *Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 2. bindi, bls. 273.

⁶⁹ *Þjóðólfur* 8 (1855-56), bls. 130 (14. ágúst).

borð og lífgaði leikur þeirra mikið upp á bæjarlífið í Reykjavík þessa daga, einkum þó leikur hljómsveitar konungsskipsins Jylland.⁷⁰

Árni Thorsteinson, sem þá var aðeins fjögurra ára, lýsir viðburðinum svo:

[E]r mér minnisstæður sunnudagsmorgunn einn, er Kristján konungur IX. gekk til kirkju með föruneyti sínu... [Á] Skólabrúnni bak við kirkjuna var rúmlega 20 manna hljómsveit úr lífvarðarliði konungs, og lék hún bæði, þegar konungur gekk til kirkjunnar, og eins, þegar hann fór út aftur að guðsþjónustunni lokinni. Léku hljómsveitarmenn allir á blásturshljóðfæri... Þá var einu sinni ekki til hornaflokkur í bænum og hljómlistarlífið sáralítið.⁷¹

Enn fremur segir hann:

Það er áreiðanlegt, að hljómsveitin úr lífvarðarliði konungs átti mikinn þátt í því að glæða hér tónlistaráhuga meðal almennings. Má tvímælalaust rekja það til áhrifa frá henni að tveimur árum síðar stofnaði Helgi Helgason tónskáld hér fyrsta lúðraflokk landsins.⁷²

Eins og Árni Thorsteinson segir þá liðu tvö ár frá þjóðhátíðinni að stofnun fyrstu lúðrasveitar Íslands, Lúðraþeytarafélagsins í Reykjavík, en það var stofnsett af Helga Helgasyni, sem fyrr var getið í kaflanum um orgelhljóðfæri. Helgi, sem var lærður smiður, hafði mikinn áhuga á tónlist. Hann hélt til Danmerkur til náms, ásamt bróður sínum, 1875, og nam fyrstur Íslendinga trompetleik hjá Baldvin Dahl, hljómsveitarstjóra skemmtigarðsins Tivoli, auk þess að leggja stund á nám í fiðluleik hjá O. Paulsen. Hann kom svo heim 23. mars 1876 og beið ekki boðanna heldur stofnaði fyrrnefnt Lúðraþeytarafélag 26. mars, aðeins þrem dögum eftir heimkomuna. Helgi stjórnaði félaginu samfleytt í 26 ár og kenndi mörgum þeim að þeyta horn, er síðar komu á fót eða gerðust liðsmenn í lúðrasveitum víðs vegar um land.⁷³

Árið 1878 og enn árið 1880 hélt Helgi til Kaupmannahafnar til að nema tónfræði hjá Peter Rasmussen og fór eftir það að leggja fyrir sig sönglagasmíði. Árið 1902 fluttist Helgi til Kanada, nam þar land og hóf búskap en flutti stuttu síðar í bæinn Wynyard þar sem hann stofnaði annan lúðraflokk. Tók þá Eiríkur Bjarnason (1866-1948), járnsmiður og tengdasonur Helga, við stöðu formanns og stjórnenda Lúðraþeytarafélags Reykjavíkur. Félagið nefndist síðar Lúðrafélag Reykjavíkur og

⁷⁰ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 23.

⁷¹ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 24.

⁷² Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 25-26.

⁷³ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 89.

starfaði í tæp 40 ár, 1876-1912. Í raun má segja að félagið starfi enn í Lúðrasveit Reykjavíkur, þó mikið hafi breyst.⁷⁴

Lúðraþeytarafélagið var fljótt að vinna hug og hjörtu áheyrenda þótt til þess væri stofnað af vanefnum. Árni Thorsteinson lýsti sveitinni og vinsældum hennar svo:

En þó að músikin hafi ef til vill ekki verið með því allra fullkomnasta, laðaði hún bæjarbúa niður að Austurvelli, en þangað þusti fólkið í hvert sinn, er lúðraþeytarafélagið lét til sín heyra. ...

Á árunum kringum 1880 var það orðinn fastur liður í sunnudagshaldi bæjarbúa, þegar gott var veður, að þeir löbðu niður að Austurvelli og hlýddu þar á hornamúsik, og þótti það hressandi og skemmtileg tilbreyting.⁷⁵

Einar Jónsson, myndhöggvari, minntist þess einnig frá fyrsta vetri sínum í Reykjavík að hafa oft verið „úti á Tjörn á kvöldin með öðru ungu fólki, og hlustaði þar á hornablástur lítils flokks, sem Helgi Helgason tónskáld stjórnaði.“⁷⁶

Þessar vinsældir Lúðraþeytarafélagsins leiddu til þess að ýmis verkefni sköpuðust fyrir það. Árlegir viðburðir þar sem Lúðraþeytarafélagið lék voru til dæmis afmælisdagur konungs og „Þjóðhátíðin“ eða „Þjóðminningardagurinn“, sem síðar varð frídagur verslunarmanna. Þá var einnig leikið við marga stærri atburði, svo sem útför Jóns Sigurðssonar 1880, afhjúpun minnisvarða á leiði hans 1881, Þingvallafundinn 1885, en þar er talið að lagið *Öxar við ána* hafi fyrst verið spilað opinberlega, og á Austurvelli um aldamótin 1900. Oft á tíðum var flokkurinn einnig fenginn til að spila við ýmiss konar skemmtanir og samkomur, sem og að halda sjálfstæða tónleika.⁷⁷ Auk þessa lúðrablasturs gat stundum að heyra í Reykjavík spil sveita af erlendum herskipum.⁷⁸

Í mörg ár var Lúðraþeytarafélagið eina lúðrasveit landsins en það breyttist þegar nær dró aldarlokum. Um 1890 var stofnuð fyrsta lúðrasveit Hafnarfjarðar og var þar að verki Jón kaupmaður Bjarnason (1853-1906), mikill tónlistarunnandi og lék hann sjálfur á harmóníum, fiðlu og horn. Sveitina skipuðu fimm menn og var leikið á tvö kornet, eitt althorn, eitt tenórhorn og eina túbu. Sveitin spilaði við ýmis hátíðatílefni,

⁷⁴ Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Helgi Helgason. *Skært lúðrar hljóma*, bls. 51, 57, 65, 67.

⁷⁵ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 26-27.

⁷⁶ Einar Jónsson: *Minningar: Skoðanir*, bls. 143.

⁷⁷ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 38.

⁷⁸ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 385.

svo sem álfadans og brennur á gamlárskvöld og þrettánda. Sveitin hætti síðan störfum árið 1895 en ný lúðrasveit var svo stofnsett í bænum árið 1909.⁷⁹

Á Akureyri var einnig stofnuð lúðrasveit. Það var árið 1893 fyrir tilhlutan Magnúsar organista. Eins og fyrr var getið hafði Magnús fengið styrk til tónlistarnáms í Kaupmannahöfn. Þar lagði Magnús fyrir sig, auk söngnáms, hornaleik og lærði það vel að hann sá sér fært að stofna Hornaflokk Akureyrar strax við heimkomuna. Ekki leið heldur langur tími áður en hornaflokkurinn fór að láta í sér heyra opinberlega því í byrjun febrúar 1894 lék hann við jarðarför. Hornaflokkurinn var starfræktur í sex ár áður en hann lagði upp laupana og beindist athygli Magnúsar þá að öðru en árið 1907 byrjaði hann aftur að kenna hornaleik og árið 1909 var Lúðrafélag Akureyrar, síðar Lúðrasveitin Hekla, stofnað.⁸⁰

Af öðrum lúðrasveitum á landinu ber helst að nefna Lúðraflokkinn á Eyrarbakka sem var stofnaður nokkru fyrir aldamótin en stofnár er óvíst. Lúðrasveit komst á laggirnar í Vestmannaeyjum laust eftir aldamótin 1900 og Lúðraflokkurinn á Seyðisfirði árið 1909. Hornafélag Keflavíkur var stofnað árið 1910 og þess má geta að stofnandi þess, Vilhjálmur Hákonarson (1881-1956), hafði numið á blásturshljóðfæri á meðan hann var búsettur í Bandaríkjunum árin 1901-1908. Lúðrafélagið Harpa var stofnað í Reykjavík árið 1910 og voru lúðrasveitir í Reykjavík þá orðnar tvær.⁸¹

Stofnandi Hörpu var Hallgrímur Þorsteinsson (1864-1952), en hann átti þátt í stofnun að minnsta kosti sex lúðrasveita og stjórnaði níu. Sjálfur var Hallgrímur organisti, starfaði við kirkjuna í Hruna frá 1887 til 1893 er hann gerðist organisti nýrrar kirkju á Sauðárkróki auk þess sem hann kenndi. Þar bjó hann til ársins 1906 er hann fluttist til Reykjavíkur og gerðist tónlistarkennari, auk þess að vera organisti við Dómkirkjuna og Fríkirkjuna í ígrípum. Tvítugur að aldri nam hann fyrst harmóníumleik hjá Einari Einarssyni bónda í Laxárdal í Gnúpverjahreppi, sem áður var nefndur í kaflanum um orgel, en hélt svo til Reykjavíkur til frekara náms, þó ekki sé vitað hver kennari hans var þar. Hann mun hafa verið sjálflærður hornablásari og er talið að hann hafi æft sig á þeim sviðum á tónlistarnámsárum sínum í Reykjavík fyrir 1887. Þó minnstust nemendur hans þess ekki síðar á ævi hans að hafa séð hann blása í horn.⁸²

⁷⁹ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 169-170.

⁸⁰ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 241-242, 245-249.

⁸¹ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 73, 293, 315, 333, 351-353.

⁸² *Skært lúðrar hljóma*, bls. 383-5.

Árið 1912 var stofnuð Lúðrasveit KFUM, Sumargjöf að nafni, og var Hallgrímur ráðinn stjórnandi hennar. Sama ár var Lúðrasveit Hjálpræðishersins stofnuð fyrir tilstilli danska deildarstjórans Nielsar Edelbos. Hún hætti þó fljótlega störfum en var endurvakin árið 1916. Svanir, lúðraflokkur barnastúkunnar Svanir í Reykjavík, var stofnaður árið 1914 og var Hallgrímur einnig stjórnandi hans. Lúðrafélagið Gígja var stofnsett upp úr Svönum árið 1915 með aðstoð Hallgríms og var félagið skipað Góðtemplurum.⁸³

Ekki verður saga lúðrasveita landsins rakin lengra hér, en lúðrasveitir fóru að taka miklum framförum þegar hér var komið við sögu og þeim fjölgaði hratt. Af sögu þeirra sveita sem hér hefur verið minnst á sjáum við enn og aftur þekkingu á hljóðfærum og kunnáttu í hljóðfæraleik koma frá Danmörku, og að vísu Bandaríkjunum í tilfalli Vilhjálms Hákonarsonar. Þeir Helgi Helgason, Magnús Einarsson og Hallgrímur Þorsteinsson voru helstu brautryðjendur í blásturshljóðfæraleik og ekki tók það þá langan tíma að opna augu manna fyrir ágæti þessara hljóðfæra. Margir sem lærðu svo af þeim blástursleik fóru svo að kenna öðrum án frekara náms og má því segja að þekkingarmiðlunin hafi ekki lengur verið háð Danmörku. Efast má þó um gæði hornaleiks hljóðfæraleikaranna á þessum tíma þar sem Helgi og Magnús námu aðeins í stuttan tíma í Danmörku áður en þeir byrjuðu að kenna öðrum, og Hallgrímur var aðeins sjálfmenntaður, en þekking þeirra og nemenda þeirra hefur væntanlega aukist með tímanum.

7. Strengjahljóðfæri

Hér hefur verið rætt um þau hljóðfæri sem voru einna mest áberandi á 19. öld, harmóníum í kirkjum, píanó heima við og blásturshljóðfæri lúðrasveita á opinberum vettvangi. Fleiri hljóðfæri voru þó vel þekkt, og þá sér í lagi strengjahljóðfæri líkt og nútímafiðla og gítar.

7.1 Gítarar

Gítar er strengjahljóðfæri af lútutegund og eru engin hljóðfæri til í jafn fjölbreyttu formi og gítarinn. Fyrsta tegund gítars er almennt talin *vihuela de mano* sem var

⁸³ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 95-97.

spænskt hljóðfæri. Þó það liti út eins og gítar líktust stillingar þess lútu og var það aðeins með fjóra strengi, og því einskonar millistigshljóðfæri á milli lútu og gítars. Það er talið vera frá upphafi 16. aldar. Þó er hægt að rekja sögu gítarsins langt aftur fyrir Kristsburð og elsta mynd orðsins gítar er að finna á 13. öld en þá líktist hljóðfærið ekki mjög gítar. Á 17. öld bættist fimmti strengurinn við og er þá fyrst hægt að tala um eiginlegan gítar í nútímaskilningi orðsins. Um miðja 18. öld voru vinsældir hljóðfærisins orðnar talsvert miklar.⁸⁴

Í íslenskum heimildum fer þó lítið að bera á gítar fyrr en um miðja 19. öld. Eitt elsta dæmi um gítarleik má finna frá 1855. Í bréfi Benedikts Gröndals (1826-1907), skálds, til Boga Thorarensens, sýslumanns, segir hann svo:

þetta [skip] innilykur í sínum hvolbjúga kviði gítarhljómandi mey, Sigríði, sem glymur sætt og hátt, svo að allur skipsskrokkurinn kveður við. ... Þá er stúlkubarnið sætt við hljóðfæri hafmeyjanna – því þær leika einnig á gítar.⁸⁵

Sigríður þessi er að öllum líkindum systir Benedikts og voru þau systkini börn Sveinbjarnar Egilssonar, sem fyrr var getið, og Helgu Gröndals (1800-1855). Baldur Andrússon fullyrðir að Helga hafi leikið á gítar og Sveinbjörn stundum ort fyrir hana vísur til að syngja með gítarspílinu.⁸⁶ Ef marka má þetta má telja að Sigríður hafi lært gítarleik af móður sinni.

Bernard August Steincke (1825-1891), verslunarstjóri á Akureyri, kenndi einnig börnum og unglingum þar í bæ söng, dans og gítarleik, sem og ýmsa skemmtan og kurteisí. „Einkum var það veturinn 1852-1853, því þá mátti heita að hann hefði „opið hús“ á hverju sunnudagskvöldi kl. 8-10 frá jólaföstu og fram yfir páska.“⁸⁷ Steincke fluttist fyrst til Akureyrar frá Danmörku árið 1851 og dvaldi þar í þrjú ár áður en hann fór burt. Fljótlega kom hann þó aftur til Akureyrar og var þar allt til ársins 1875.⁸⁸ Sérstaklega er þess getið að hann hafi verið iðinn við kennslu sína við fyrri dvöl sína á Akureyri en ekki er tekið fram hvort hann hafi haldið kennslu áfram er hann kom aftur, þótt geta megi þess til.

⁸⁴ Bert Oling: *The Complete Encyclopedia of Musical Instruments*, bls. 134-135. Anthony Baines: *The Oxford Companion to Musical Instruments*, bls. 134-138.

⁸⁵ Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson: *Ritsafn*, 5. bindi, bls. 37-38.

⁸⁶ Baldur Andrússon: *Tónlistarsaga Reykjavíkur*. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Sönglíf í Reykjavík á fyrri hluta 19. aldar

⁸⁷ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 240.

⁸⁸ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 240-241.

Í bréfi dagsettu 27. júní 1858 biður Kristín Þorgrímsdóttir (1816-1871) Grím Thomsen, skáldið bróður sinn, þá búsettan í Kaupmannahöfn,

stórrar bónar, og er það þá að kaupa fyrir mig guithar handa Tæsu, því í haust var hún 7 vikur í Vatnsdal að læra dálítið á hann ... og að strengir fylgdu með væri mikið gott ... því ekki er gott að bæta sér þessháttar hér upp til sveita, en höfuðstaðurinn er ekki ríkur af þessu heldur en öðru.⁸⁹

Kaup á gíturum og aukahlutum í þá hafa augljóslega ekki verið auðveld um miðja 19. öld þar sem að Kristín sá sig til knúna að panta hann frá Danmörku en hún var búsett í Odda á Rangárvöllum.

Þá kemur eftirfarandi um útbreiðslu gítara fram hjá Baldri Andréssyni, fulltrúa, í óútgefnu verki hans um tónlistarsögu Reykjavíkur:

Því hefur verið haldið fram, að „Bára blá“ sé eitt af þeim lögum, sem fluttust hingað með kennslubókum í gítarleik, en gítarinn var útbreitt hljóðfæri hér á landi um og eftir miðja 19. öld, einkum í bæjum og kaптúnunum.⁹⁰

Baldur nefnir að vísu enga heimild þessu til stuðnings og efast sjálfur um þennan uppruna lagsins en af þessu má þó draga þá ályktun að kennslubækur í gítarleik hafi verið langt í frá óþekktar og jafnvel það vel þekktar að möguleiki er á að erlend lög hafi borist til landsins með þeim.

Í smásögu eftir Gest Pálsson (1852-1891), skáld, má ef til vill fá nokkuð góða mynd af notkun gítars í daglegu lífi á síðari hluta 19. aldar, þó þetta dæmi sé vissulega skáldskapur.

[S]vo fór Björg að biðja hana að syngja, og hún tók gítar Bjargar niður af veggnum, stillti hann og fór svo að spila og syngja undir. ...

Frú Anna hafði hreina og fallega rödd, og þegar hún var búin að syngja nokkur lög, hætti hún að syngja, og spilaði sönglaust á gítarinn eftir sínu höfði.⁹¹

Einar H. Kvaran, skáld, þykist sjá mikið af „lyndiseinkunn“ Gests sjálfs í frú Önnu og má geta sér til að með henni sé Gestur að lýsa hinni fullkomnu konu að eigin mati.⁹²

⁸⁹ *Sonur gullsmíðsins á Bessastöðum*, bls. 217-218.

⁹⁰ Baldur Andrésson: *Tónlistarsaga Reykjavíkur*. <http://www.musik.is/> -> *Tónlistarsaga Reykjavíkur* -> *Tímabilið 1800-1900* -> *Sönglíf í Reykjavík á fyrri hluta 19. aldar*

⁹¹ Gestur Pálsson: „Vordraumur“, bls. 155.

⁹² Einar H. Kvaran: „Um Gest Pálsson“, bls. 35.

Það var líka einmitt gítarspil hennar sem hreif Bjarna, söguhetjuna, svo mjög að nándar ómögulegt virtist honum að koma frá Önnu úr hugrenningum sínum.

Árni Thorsteinson hefur líka þetta að segja um notkun á gíturum:

Um miðbik aldarinnar flytjast hingað erlend strengjahljóðfæri, svo sem gítarar og einstaka fiðla. Á gítarana léku helst heimasætur smálög og rauluðu undir ... en þessi músiktegund var aðeins stunduð í heimahúsum og í hópi vina og vandamanna, en aldrei komið fram fyrir almenning með slíkan söng og hljóðfæraslátt.⁹³

Í bók sinni um íslenskar skemmtanir frá um 1890, segir Ólafur Davíðsson einungis: „Einstaka stúlka á Íslandi leikur líka á gítar.“⁹⁴ Knud Zimsen, síðar borgarstjóri, rifjaði jafnframt upp í endurminningum sínum ferð með Vestu til Kaupmannahafnar árið 1896. Var þar með honum um borð Halldóra Bjarnadóttir (1873-1981), síðar skólastjóri, sem „hafði gítar meðferðis og spilaði mikið, en við strákarnir sungum, svo að ómaði stafna á milli.“⁹⁵ Halldóra sagði einnig síðar frá þessari ferð: „Oftast var gítarinn minn með, en piltarnir sungu, og þá var ekki verið að syngja neina „slagara“ eða erlent rusl, heldur fyrst og fremst íslenska söngva og dansa, en fremst voru ættjarðarlögin.“⁹⁶

Það er því ljóst að gítarspil hefur fyrst og fremst verið stundað af heimasætum og hefðarfrúm. Þó hefur það ekki verið einhlítt þar sem Sveinbjörn Sveinbjörnsson lærði að leika á gítar líkt og fram hefur komið og sagt var að Steincke hafi kennt „heldri manna börnum“ og ekki er minnst á að stúlkur hafi þar numið frekar en drengir. Trausti Einarsson, sagnfræðingur, nefnir enn fremur að dæmi séu um að Íslendingar hafi lært gítarleik af Norðmönnum og nefnir því til dæmis að í Álftafirði vestra hafi Þorlákur Guðmundsson, eða Hrefnu-Láki, lært að spila á gítar af Gunnari Larsen, eftirlitsmanni hvalveiðistöðvarinnar á Langeyri. Jafnframt nefnir hann að Þorlákur og Marsebil Þorsteinsdóttir, kona hans, hafi kunnað mikið af norskum dægurlögum.⁹⁷ Þetta nefnir hann í sambandi við hljóðfæraleik á hvalstöðvum og dansleikjum þar og má því jafnvel gera sér í hugarlund að leikið hafi verið á gítar við slík tækifæri, þó

⁹³ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 384.

⁹⁴ *Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 2. bindi, bls. 271.

⁹⁵ Lúðvík Kristjánsson: *Við fjörð og vík*, bls. 82.

⁹⁶ Vilhjálmur S. Vilhjálmsson: *Halldóra Bjarnadóttir*, bls. 69.

⁹⁷ Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, bls 98.

harmóníkan hafi vissulega verið lang algengasta hljóðfærið sem notast var við við þessi tilefni.

Dæmin hér að ofan sýna skýrt að menn hafa þekkt til gítara þótt þeir hafi ekki verið auðfengnir um miðja 19. öldina þar sem Kristín þurfti að biðja Grím um að útvega sér gítar frá Danmörku. Einnig sýnir setning hennar um strengi hve slæmt var ef strengur slitnaði og má geta sér til um vandkvæði við að afla sér nýrra strengja. En vöruframboð hjá kaupmönnum batnaði til muna er líða tók á öldina og á níunda og tíunda áratug hennar má finna auglýsta til sölu gítara, sem og önnur hljóðfæri, til að mynda í *Fjallkonunni* 1894.⁹⁸ Í engu þessara dæma er talað um leik fyrir almenning svo að í því efni virðist Árni Thorsteinson hafa haft rétt fyrir sér. Vissulega segir Benedikt Gröndal frá því að allt skipið hafi hljómað af gítarleik, frú Anna í sögu Gests Pálssonar spilaði á gítarinn fyrir gestkomandi og Halldóra Bjarnadóttir lék einnig um borð í skipi en það flokkast ekki sem opinber leikur og útilokar því ekki staðhæfingu Árna. Það væri helst ef Þorlákur Guðmundsson hafi spilað á dansleikjum á hvalveiðistöðinni. Þess er þó ekki getið sérstaklega, þótt hann hafi vissulega lært að leika á hann þar og því er það ekki sönnun á opinberum gítarleik. Ummæli Ólafs Davíðssonar um 1890 gefa heldur ekki til kynna að vinsældir gítara hafi aukist þegar líða tók á öldina en þeir virðast engu að síður hafa verið vel þekktir og til á sumum heimilum.

7.2 Fiðlur

Nútímafiðlan, sem er af lútuætt líkt og gítarinn, kom fyrst fram á sjónarsviðið seint á 15. öld í sunnanverðum Ölpunum. Þar var þó aðeins um að ræða breytingu á eldra hljóðfæri og í Evrópu má finna einhverskonar ættingja fiðlu allt frá 9. öld, og voru þeir þangað komnir frá mið-Asíu.⁹⁹

Þegar hefur komið fram að margir þeirra, sem rætt hefur verið um, léku á fiðlu ásamt fleiri hljóðfærum en enginn þeirra virðist hafa lagt mikla áherslu á hana. Í lýsingu Garðaprestakalls árið 1842 er spurningunni um notkun hljóðfæra svarað svo: „Fáir leika hér hljóðfæri. Einn bóndi kann hér lítið eitt á fiólin, annar á [íslenska] fiðlu, nokkrir á langspil.“¹⁰⁰ Þetta þykir sýna að erlenda fiðlan þekktist eitthvað til

⁹⁸ *Fjallkonan* 11 (1894), bls. 80 (12. maí).

⁹⁹ Bert Oling: *The Complete Encyclopedia of Musical Instruments*, bls. 150-151, 162.

¹⁰⁰ Árni Helgason: „Lýsing Garðaprestakalls 1842“, bls. 216.

sveita fyrir miðja öldina þó að vinsældir hennar væru ekki miklar og kunnátta á hana væri að sama skapi ekki mikil. Hvort tveggja jókst jafnt og þétt þegar líða tók á öldina en gamla íslenska fiðlan og langspilið urðu um leið fátíðari. Ólafur Davíðsson segir í fyrirnefndu verki sínu frá um 1890 um erlendu fiðluna:

Það er útlent hljóðfæri, sem flutzt hefir til Íslands fyrir skemmstu. Þó þektust fiólín á Íslandi á dögum Horrebows [1749-51] og voru helzt í kaupstöðunum, og hjá Dönnum ... Um fiólín er líka getið í einstaka sóknarlýsingu ... en fáir munu þó kunna á þau upp til sveita á Íslandi, sízt svo í lagi sé. Enn má geta þess, að dæmi eru til að leikið hafi verið á fiólín við messugjörð. Magnús Stephensen segir: „... hann gjörði nærstlidinn Nýársdag 1803 enn hátíðlegri með samspilun 3gja Fíólína með saungnum við Messugjörð í Garda-kirkju.¹⁰¹

Þrátt fyrir að ekki hafi verið mikið um fiðluleik upp til sveita um og upp úr miðri 19. öld er vert að nefna tvo sveitamenn er stytta sér og öðrum stundir með fiðluleik. Annar var Jón Jónsson frá Vogum í Mývatnssveit (1829-1866) sem fyrr var nefndur. Voga-Jón, eins og hann var jafnan kallaður, hélt til Kaupmannahafnar til trésmíðanáms árið 1847 og dvaldist þar í þrjú og hálf ár. Á námsárum sínum tók hann sér fyrir hendur að læra fiðluleik og lýsti hann því námi svo:

Hins vegar hafði ég mikla löngun til þess að læra fiðluleik. Komst ég í samband við gamlan mann, sem leyfði mér að koma í tvær klukkustundir á hverju sunnudagskvöldi til þess að læra að spila. Þetta kostaði mig um 16 skilinga. Æfði ég mig á hverju kvöldi á verkstæðinu og lærði þannig smátt og smátt öll algengustu lög, sem þá tíðkuðust í borginni. Þar sem ég hef safnað að mér og lært fjöldann allan af lögum, er ég eini maðurinn í allri Þingeyjarsýslu, sem getur talizt vera hljómlistarmaður, því að á öllu Norðurlandi er enginn, sem hefur snefil af skilningi á tónlist, nema á Akureyri. Og fyrir að leika á hljóðfæri fæst ekki skildingur. En fólki þykir gaman að heyra spilaða venjulega sálma, sem það er vant að syngja við guðsþjónustur í kirkjunum. Eina gagnið, sem ég hef haft af þessu hljómlistarnámi, er gleðin, sem það hefur veitt mér, því að ég hef mikla nautn af þessum fræðum eða listgrein. Ég gat því ekki neitað mér um að eyða ofurlitlu af hinum fáu skildingum mínum í þessum tilgangi.¹⁰²

Jón lýsir fiðlunotkun sinni vel í sjálfsævisögu sinni og ef vitnisburðir hans væru teknir saman mætti ef til vill fá heildstæða mynd af notkun fiðlu upp til sveita um og eftir

¹⁰¹ *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 2. bindi, bls. 269.

¹⁰² Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 27.

miðja 19. öld. En Jón var ekki einn um að kunna á fiðlu og hann minntist þess að hafa árið 1861 bundið

vináttu við óvenjulega gáfaðan listamann, sem Arngrímur hét. ... Hann hafði mikinn áhuga á að nema hljómlist og kom stundum til mín til þess að læra á fiðlu. Tók hann skjótum framförum í þessari listgrein. Og þar sem hann hafði góða rithönd, útvegaði hann og skrifaði fyrir mig mörg ný og skemmtileg lög.¹⁰³

Þetta var áður nefndur Arngrímur málari Gíslason. Óvíst er fyrir hverja Arngrímur gerði uppskriftir en til eru að minnsta kosti fimm varðveitt handrit sem Arngrímur hefur skrifað eftir erlendum nótnabókum.¹⁰⁴ Jón segir hann hafa verið fátækan mjög og nefnir ástæðu þess þá að á

Íslandi getur enginn orðið ríkur á því að iðka listir, því að flestir bændur fyrirlíta jafnfánýtt og ómerkilegt dund, eins og þeir nefna málalalist og hljómlist. Aftur á móti er skáldskapur þeim meir að skapi.¹⁰⁵

Enn fremur segir Jón frá brúðkaupsveislu er honum var boðið í. „Ég varð að vaka alla nóttina, því að ég var sá eini, sem gat spilað á hljóðfæri fyrir unga fólkið, sem hafði ánægju af hljómlist.“¹⁰⁶ Spilaði hann á fiðlu sína allt þar til „hinar sterku veigar“ sigruðu hann og hann sofnaði. Í annað sinn nefnir Jón brúðkaupsveislu er honum var boðið í og var hann þá sérstaklega beðinn um að taka fiðluna með sér. Gerði hann það og Arngrímur málari einnig „og varð mikill gleðskapur, þegar leið á kvöldið. Við spiludum á fiðluna jafnt og þétt fyrri hluta nætur, en að lokum sveif svefninn og vínið svo á okkur, að við fleygðum okkur upp í rúm og sváfum til hádegis daginn eftir.“¹⁰⁷

Í júnímánuði árið 1863 var Arngrímur að kenna nokkrum drengjum í sveitinni sund og var þá oft notað tækifærið og gripið til fiðlunnar: „Arngrímur kom til mín á hverjum degi með allan nemendahópinn sinn, 10 eða 12 drengi. Hafði hann flautuna sína eða fiðluna með sér, og lékum við saman til þess að bæta við tónlistarþekkinguna og æfa okkur í þessari skemmtilegu listgrein.“¹⁰⁸

Og enn nefnir Jón fiðluleik tengdan heimsókn frá Arngrími:

¹⁰³ Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 52.

¹⁰⁴ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 73.

¹⁰⁵ Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 52.

¹⁰⁶ Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 61.

¹⁰⁷ Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 66.

¹⁰⁸ Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 63.

Arngrímur, vinur minn, heimsótti mig á leiðinni til Skinnastaðar, þar sem hann var ráðinn til þess að mála kirkjuna að innan um veturinn. Ég bauð honum að vera um nóttina, en þegar unga fólkið í Reykjahlíð heyrði eftir einhverjum, sem þangað hafði komið, að hann væri hér staddur og að við værum að leika saman á fiðlu og flautu, komu sjö ungmenni og báðu okkur svo vel og innilega um að spila fyrir sig ýmis lög, að við héldum áfram að spila viðstöðulaust til klukkan tólf um nóttina.¹⁰⁹

Í fyrrnefndu minningabroti Gísla frá Hofi var minnst á að Arngrímur hafi stundum spilað á fiðlu með söngmönnum í Vallakirkju. Enn fremur minnst Angantýr, sonur Arngríms, fiðluleik föður síns: „Verða mér ógleymanleg mörg vetrarkvöldin, þegar hann sat inni hjá okkur og lék á fiólínið, ... flestir þeir sem eldri voru og áttu þess kost að hlusta á þetta spil hans hafa sömu sögu að segja.“¹¹⁰

Um fiðluleik Jóns sagði Charles W. Shepherd, sem kom hér til lands frá Englandi árið 1862 til fuglaskoðunar: „Hann er eini Íslendingurinn, sem ég hitti, sem átti fiðlu. Hann gat leikið lítilsháttar á hana, en strengirnir voru slitnir, og hann gat ekki endurnýjað þá.“¹¹¹ Hvort fiðluleikur Arngríms hafi verið nokkru skárri má líka draga í efa. Benedikt Jónsson frá Auðnum hafði miklar mætur á áhuga Arngríms og dugnaði í tónlistinni, en gat þó ekki annað en fellt svohljóðandi dóm um leik Arngríms: „auðvitað gat það ekki orðið nema „dilettanteri“ [viðvaningsverk].“¹¹² Arngrímur var því í augum Benedikts aðeins áhugasamur fiktari. En tónlistin var Arngrími mikil lífsnautn og lýsti séra Kristján Eldjárn Þórarinsson dauðastund Arngríms svo:

Það var merkilegt, að þegar hann fann dauðann snerta hjarta sitt og hann átti ekki annað eftir en gefa upp öndina, þá hrópaði hann: Söng, söng, meiri söng, greip þverpípu sína og blés í hana nokkra tóna í síðasta sinn.¹¹³

Þrátt fyrir þennan gífurlega tónlistaráhuga Arngríms var Sigurgeir Jónsson (1866-1954) frá Stóruvöllum í Bárðardal, lengi organisti á Akureyri, enn harðorðari í garð Arngríms en Benedikt frá Auðnum, þótt hann minntist fiðluleik hans engu að síður með hlýhug. Sigurgeir komst svo að orði:

¹⁰⁹ Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 67.

¹¹⁰ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 79.

¹¹¹ C.W. Shepherd: *Íslandsferð 1862*, bls. 116.

¹¹² Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 79-80.

¹¹³ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 67.

Arngrímur ... kom oft í Stóruvelli, hafði hann þá ávallt með sér fíólínið sitt og spilaði þá fyrir okkur, þótti það alltaf góð skemmtun í tilbreytingarleysinu. En ekki var spil hans fagurt, og suðaði hann oft undir laglaust. En það var kraftur í þessu hjá kallinum og fastur takt. En þó spil hans væri ekki fagurt, þá þótti okkur sem hátíð væri, þegar karlinn kom og spilaði ... Af Arngrími nam Benedikt [bróðir Sigurgeirs] fíólínspil, þó held ég að ekki hafi verið um neina kennslu að ræða eða farið eftir neinum skóla í fiðluspili. Það man ég, að ég barnið gerði glöggan mun á því hvað Benedikt spilaði betur en Arngrímur gamli þegar fram í sótti, hans spil var liprara og fegurra.¹¹⁴

Við vitum því að Arngrímur kenndi Benedikti Jónssyni (f. 1854) fiðluleik og séra Jóhann Bjarnason, prestur í Kanada, sagði enn fremur að Arngrímur hefði kennt allmörgum að spila á fiðlu og gefið leiðarvísi í helstu atriðum hljómfraði. Margir voru líka á sama máli um þátt Arngríms í útbreiðslu tónlistar um Þingeyjar, svo sem þeir Páll H. Jónsson (1860-1955) bóndi á Stóruvöllum, Garðar Jakobsson fiðluleikari og bóndi í Lautum í Reykjadal og Glúmur Hólmgæirsson bóndi í Vallakoti.¹¹⁵

Á árunum 1860-1876 fjölgaði fiðlum mjög í Suður-Þingeyjarsýslu og vilja þeir Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson kennari tengja það við ferðir Arngríms málara um svæðið en

[h]ann hafði jafnan hljóðfæri sín, flautu og fiðlu, með sér og var síspilandi á heimilum og mannamótum. Af honum „lærðu“ menn að leika á fiðlu ... [H]ann bar með sér þann tón og hugljómun sem töfraði mannlíf í héraðinu og svalaði ekki einungis tónþorsta fólksins, heldur gerði það enn þyrstara.¹¹⁶

Hvaðan allar þessar nýju fiðlur komu er alls óvíst en vitna má þó til þess sem Benedikt Jónsson frá Auðnum í Laxárdal sagði í bréfum sem hann sendi til séra Bjarna Þorsteinssonar á árunum 1898-1899: „[V]arð jeg einna fyrstur til að útvega þau hljóðfæri og um leið útlendar nótnabækur og söngkennslu-bækur, og varð þá hreint og beint kapp milli unglínganna að leika á fiðlu og flautu.“¹¹⁷ Eitthvað af þessum fiðlum hefur Benedikt væntanlega smíðað sjálfur, en hann fékkst áður við langspilasmíð, og hafði stundað sjálf nám í því. Um það sagði Benedikt í umræddu bréfi til Bjarna: „Jeg las eðlisfræði Fischers og útlendar bækur um hljóðfræði og fjekk

¹¹⁴ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 80.

¹¹⁵ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 73.

¹¹⁶ Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson: *Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Þingeyjarsýslu*, bls. 16.

¹¹⁷ Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 594.

rjettan skilning á strengnum og sveiflum hans.¹¹⁸ Reyndi hann að nota þessa þekkingu sína til að bæta langspilið en þar sem það varð engu að síður undir í vinsældum samanborið við fiðluna er óhætt að ætla að Benedikt hafi snúið sér að fiðlusmið í einhverjum mæli. Vitað er að aðrir menn lögðu það fyrir sig að smíða fiðlur, bæði handa sér og öðrum, en enginn var lærður í slíkri smíði og hefur árangurinn því vafalaust verið misjafn. Er þar nærtækt dæmi Helgi Helgason, sem fyrir hefur verið getið, en hann smíðaði sér fiðlu sem hann lék sjálfur á er hann var um fermingaraldurinn.¹¹⁹

Reikna má með að talsvert hafi einnig verið keypt af fiðlum frá útlöndum, og þá helst Kaupmannahöfn. Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson telja ekki ólíklegt að Benedikt hafi haft umboðsmann í Kaupmannahöfn „sem gengið hefði í okrarabúðir og til veðmangara og fundið þar gamlar, góðar fiðlur.“ Nýjar fiðlur voru einnig til sölu hjá helstu kaupmönnum stærstu kauptúnanna og síðar var hægt að panta nýjar fiðlur eftir verðlistum, beint frá Danmörku.¹²⁰ Vegna takmarkaðra fjárráða flestra landsmanna hafa þó sennilega oftast verið keyptar gamlar, notaðar fiðlur til landsins.

Ekki verður hér farið í innreið fiðlunnar í öðrum landshlutum þar sem að þar er líkast til svipaða sögu að segja. Suður-Þingeyjarsýsla er að vísu sér á báti fyrir þá sök að útbreiðsla fiðlu varð snemma og gekk hún þar hraðar en í flestum öðrum hlutum landsins.

Því má svo hér við bæta að margir af þeim tónlistarmönnum, sem nefndir hafa verið í ritgerðinni, lærðu fiðluleik auk þeirra hljóðfæra sem þeir svo sérhæfðu sig á. Jónas Helgason lærði til að mynda fiðluspil hjá Einari Jónssyni, húsasmið (líkast til sá sami og gerði upp orgelið með Jónasi svo sem fyrir var getið), og nýtti fiðluna til dæmis við söngkennslu sína. Magnús organisti Einarsson lærði einnig að leika á fiðlu, en hvort það var hjá Theodóri Ólafssyni, sem einnig lék á fiðlu, eða hugsanlega í vist sinni að Núpum í Aðaldal, þá vegna áhrifa frá Jóni Jónssyni í Vogum og Arngrími málara Gíslasyni, er alls kostar óvíst. Sennilegra má þó telja að það hafi verið hjá Theodóri þar sem ekki er vitað til að Magnús hafi nokkurn tímann hitt þá Voga-Jón eða Arngrím.¹²¹ Fleiri dæmi mætti nefna en þótt fæstir hafi haft fiðlu sem aðalhljóðfæri sitt hefur þessi leikur breitt út þekkingu á hljóðfærinu.

¹¹⁸ Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*, bls. 594.

¹¹⁹ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 89.

¹²⁰ Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson: *Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Þingeyjarsýslu*, bls. 16.

¹²¹ *Skært lúðrar hljóma*, bls. 375. Aðalgeir Kristjánsson: *Magnús organisti*, bls. 23.

Opinber leikur á fiðlu á 19. öld var ekki mikil en þó einhver. Þorsteinn Jónsson (1864-1940), járnsmiður á Vesturgötu í Reykjavík, var sjálfmenntaður fiðluleikari sem oft lék á opinberum skemmtunum.¹²² Einnig gefur fyrirnefndur leikur Jóns Jónssonar og Arngríms Gíslasonar við brúðkaupsveislur til kynna að oft hafi verið nýtt tækifærin og gripið til fiðluleiks við skemmtan ýmiss konar, ef einhver var til taks sem kunni að leika.

Fyrsti Íslendingurinn sem gat í raun leikið á hljóðfærið af einhverri teljanlegri færni kom ekki fram á sjónarsviðið fyrr en eftir aldamótin 1900. Var það Þórarinn Guðmundsson (1896-1979) og var hann „fyrsti Íslendingurinn, sem lært hafði tókin á því vandmeðfarna hljóðfæri meistaranna undir leiðsögn kunnáttumanna.“¹²³ Árið 1913 lauk Þórarinn brottfararprófi í fiðluleik eftir þriggja ára nám, þá aðeins sautján ára gamall. Tónlistarskólinn, sem staðsettur var í Kaupmannahöfn, hafði að vísu sautján ára aldurstakmark, en Þórarinn fékk ekki aðeins undanþágu frá þeirri reglu heldur hlaut hann einnig eftirsóttan námsstyrk fyrir frammistöðu sína í skólanum.¹²⁴

Fyrstu kynni Þórarins af fiðlu voru af fiðlu föður hans, þótt hann hafi að vísu ekki fengið að snerta hana. Þegar Þórarinn var átta ára hóf hann svo tónlistarnám hjá Önnu Pétursson og á ellefta ári hóf hann fiðlunám hjá Henriette Brynjólfsson, eiginkonu Péturs Brynjólfssonar, ljósmyndara. Stuttu síðar kom mjög fær sænsk-danskur fiðluleikari að nafni Oscar Johanson til landsins og nam Þórarinn hjá honum í rúmt ár eða allt þar til hann hélt til Kaupmannahafnar í meira nám. Oscar þessi hafið verið fenginn til landsins á Hótel Ísland, þá í eigu templara, til að skemmta gestum þess. Lék hann aðeins klassísk lög og sígild verk ýmissa erlendra tónskálda. Dvaldi hann hérlendis í tvo til þrjú ár en fór héðan til Ameríku.¹²⁵

Árið 1910 hélt Þórarinn svo, aðeins fjórtán ára gamall sem fyrr segir, út til Tónlistarskólans í Kaupmannahöfn og sneri svo heim eftir þriggja ára nám úti. Þórarinn starfaði síðan sem tónlistarkennari og spilaði mikið opinberlega. Hann var aðeins ellefu ára er hann spilaði fyrst opinberlega í Góðtemplarahúsinu árið 1907, en fór svo árið 1908 að leika á kaffihúsum borgarinnar, þá enn á tólfta ári. Hann virðist þó ekki hafa munað mikið eftir opinberum leik á bernskuárum sínum því í

¹²² Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Hljóðfærleikarar

¹²³ Loftur Guðmundsson: „Þeir sem guðirnir elska“, bls. 97.

¹²⁴ Loftur Guðmundsson: „Þeir sem guðirnir elska“, bls. 97.

¹²⁵ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 387, 395, Ingólfur Kristjánsson: *Strokið um strengi*, bls. 41, 43-45, Loftur Guðmundsson: „Þeir sem guðirnir elska“, bls. 101-102.

endurminningum sínum segir hann: „En sjálfsagt hef ég spilað á fleiri samkomum áður en ég fór utan til náms. Ég sé að minnsta kosti getið um það í söng- og hljómleikaskrárn Árna Thorsteinsonar“.¹²⁶ En það var þó ekki fyrr en á þriðja áratug 20. aldar sem Þórarinn fór að verða áberandi í tónlistarlífi landsmanna og því verður ekki farið meira í afrek hans hér.¹²⁷

Útbreiðsla fiðlunnar virðist ekki hafa verið orðin ýkja mikil fyrr en við lok 19. aldar eða upphaf þeirrar tuttugustu. Þá var líka almennt farið að nefna hana fiðlu og hætt að nota orðið fiólín til aðgreiningar frá hinni gömlu íslensku fiðlu, sem þá hafði lítið verið í notkun í hartnær öld. Trausti Einarsson segir að fiðlur hafi verið sjaldséðar á hvalstöðvum „enda hafði það hljóðfæri fengið orð á sig fyrir að vera verkfæri djöfulsins, *satans instrument*.“¹²⁸ Hvort sögusagnir sem tengdu fiðluna við djöfulinn hafi haft mikil áhrif á útbreiðslu hennar á Íslandi eða hvort eiginleikar hljóðfærisins hafi haft meira að segja er erfitt að meta en líklega hafa eiginleikar fiðlunnar mest haft að segja um útbreiðslu hennar.

7.3 Selló

Að frátöldum gítar og fiðlu bar ekkert á öðrum strengjahljóðfærum á 19. öld nema selló, sem einnig er af lútuætt og er í raun aðeins bassafiðla. Í þeirri mynd er selló þekkt nú á dögum kom það fyrst fram á sjónarsviðið á 17. öld en það var trúlega lítið þekkt á Íslandi.¹²⁹ Einn fyrsti sellóleikarinn á Íslandi og líklega sá eini á 19. öld var C. Gouldrée-Boilleau barón. Hann var franskur að ætt en fluttist til Reykjavíkur árið 1898. Lék hann tvisvar á hljómleikum í Reykjavík og mun hafa heillað áheyrendur með leik sínum. Var hann það fær hljóðfæraleikari að bróðir hans vildi að hann hyrfi frá Íslandi og héldi til stórborga heimsins þar sem hann gæti án efa orðið frægur hljómlistarkennari.¹³⁰ Árni Thorsteinson kynntist honum nokkuð og sagði um hann:

Var þetta hámenntaður maður, fríður sýnum, hið mesta glæsímenni og háttvís í framgöngu, eins og sönnum aðalsmanni sæmdi. Auk flygelsins, sem áður er minnst á, átti hann vandað celló, hinn mesta kjörgríp, enda lék

¹²⁶ Ingólfur Kristjánsson: *Strokið um strengi*, bls. 44.

¹²⁷ Ingólfur Kristjánsson: *Strokið um strengi*, bls. 43-44.

¹²⁸ Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, bls. 96.

¹²⁹ Anthony Baines: *The Companion to Musical Instrument*, bls. 51, 53.

¹³⁰ Árni Óla: „Baróninn á Hvítárvöllum“, bls. 1, 3.

baróninn listavel á það hljóðfæri. Held ég jafnvel, að sjálfur Casals hafi ekki tekið baróninum fram á því sviði. Boilleau barón lék oft opinberlega á cellóið í Reykjavíkurklúbbnum og víðar, en aðallega kom hann fram á samkomum góðgerða- og líknarfélaga og tók þá engin laun fyrir.¹³¹

Ekki hafði hann þó langa viðdvöl á Íslandi og framdi sjálfsmorð stuttu eftir að hann yfirgaf Ísland. En á þessum stutta tíma sínum hér tók hann tónlist í nýjar áður óþekktar hæðir og hefur án efa kveikt áhuga margra á að bæta hér enn frekar tónlistarlífið. Selló hans skildi hann eftir að veði hér á Íslandi, en að honum látnum var það selt úr landi fyrir 40 þúsund mörk, sem sýnir hve verðmætt og merkt hljóðfæri hér var á ferð.¹³²

Baróninn var, svo vægt sé til orða tekið, sérvitur og vildi helst engum kynnast og er því alls kostar óhætt að fullyrða að enginn hafi numið hjá honum sellóleik og hefur því þurft að sækja kunnáttu á selló til Danmerkur, líkt og með flesta aðrar hljóðfæraþekkingu.

Ekki eru aðrar heimildir um sellóleik svo snemma í sögu hljóðfæranotkunar á Íslandi og fór ekki að bera á því hljóðfæri hér fyrr en líða tók á 20. öldina. Því má segja að sellóleikur barónsins hafi ekki verið í takti við innreið annarra hljóðfæra sem átti sér stað hér á landi, heldur hafi verið um sérstakt tilfelli að ræða. En önnur hljóðfæri áunnu sér hylli þjóðarinnar, og voru fá hljóðfæri sem náðu henni jafn skjótt og vel eins og harmóníkan.

8. Harmóníkur

Harmóníkan er tiltölulega ungt hljóðfæri, varð ekki til fyrr en á þriðja áratug 19. aldar. Hún er því álíka gömul og harmóníum og þar að auki af sömu ætt, því í henni er lofti blásið í gegnum tónfjaðrir.¹³³ Harmóníkan er fyrst og fremst danshljóðfæri og við hana var til dæmis dansaður ræll, polki, vals, masúrki og skottís. Harmóníkan byrjaði sem yfirstéttarhljóðfæri en á síðari hluta 19. aldar tókst mönnum í Þýskalandi að finna aðferð til að fjöldaframleiða hana og lækkaði þá verðið á henni talsvert.¹³⁴

¹³¹ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 261.

¹³² Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 262.

¹³³ Anthony Baines: *The Oxford Companion to Musical Instruments*, bls. 1.

¹³⁴ Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, bls. 96.

Harmónikan náði því eindæma miklum vinsældum meðal alþýðu fólks og gerðist það skjótt.

Eitt elsta dæmið um harmóniku er trúlega að finna í sendibréfasafni Jóns Árnasonar bókavardar. Þuríður, dóttir Sveinbjarnar Egilssonar rektors, er þar árið 1859 að biðja hann um að sjá til þess að harmónika sem hún hafði pantað frá Danmörku yrði send til hennar.¹³⁵ Í lýsingu Hallormstaðarsóknar frá 1874 er einnig talað um harmóniku, þó lítið sé gert úr kunnáttu á hana: „Engin hljóðfæri eru hér leikin svo að teljandi sé. Einn eða tveir menn kunna hér lög á harmoniku.“¹³⁶ Fáum áratugum síðar var staðan breytt. Rétt fyrir aldamótin 1900 munu bandarískir lúðuveiðimenn, sem sigldu út frá Þingeyri, hafa haft harmónikur um hönd.¹³⁷ Í *Ísafold* 1884 voru auglýstar ýmsar gerðir harmónika¹³⁸ og á uppboði sem auglýst var í sama blaði 1889¹³⁹ voru meðal annars harmónikur, eitt hljóðfæra. Í blaðinu *Austra* á Seyðisfirði birtist svohljóðandi auglýsing árið 1891:

Austlendingar!

Komið og kaupið með fáheyrt ódýru verði hinar raddmiklu og hljómfögru *harmonikur* er ég fékk með síðustu ferð Thyru, beina leið frá aðseturstað hinnar fögru sönglistar og hins guðdómlega hljóðfærasláttar Þýskalandi.¹⁴⁰

Í *Fjallkonunni* 1894 var að finna auglýsingu frá verslun J.P.T. Brydes og hluti nýja varningsins sem verslunin auglýsti var þessi: „10 tegundir harmoníkur, frá 2,50-17,00“ krónur stykkið.¹⁴¹

Af þessum dæmum má gera sér í hugarlund að við lok 19. aldar hafi harmónikur verið orðnar nokkuð algeng almenningshljóðfæri og talsvert auðveldara að nálgast þær en flest önnur hljóðfæri á sama tíma. Ólafur Davíðsson segir líka um harmónikuna um 1890 að hún sé „lángtíðust allra hljóðfæra á Íslandi um þessar mundir“.¹⁴² Það virðist þó hafa gerst talsvert fyrr, því að í grein sem birtist í *Norðanfara* 1877 segir greinarhöfundur: „Þannig veit jeg margann, sem þó er að

¹³⁵ *Úr förum Jóns Árnasonar. Sendibréf*, 1. bindi, bls. 170.

¹³⁶ Sigurður Gunnarsson: „Lýsing Hallormsstaðarsóknar 1874“, bls. 113.

¹³⁷ Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, bls. 98.

¹³⁸ *Ísafold* 11 (1884), bls. 116 (16. júlí).

¹³⁹ *Ísafold* 19 (1889), bls. 63(23. febrúar).

¹⁴⁰ Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, bls. 98.

¹⁴¹ *Fjallkonan* 11 (1894), bls. 48 (21. mars).

¹⁴² *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*, 2. bindi, bls. 271.

myndast við að spila á „harmoniku“ að hann veit ekki hvað tónar hennar heita, o.s.frv., og er það þó nú orðið algengasta hljóðfærið.¹⁴³

Tryggvi Jónsson frá Húsafelli, sem minnst var á í orgelkaflanum, var allt frá blautu barnsbeini tónelskur maður og í æviþáttum sínum minntist hann sinna fyrstu kynna af harmóniku. Hann hafði verið sendur til næsta bæjar, Kalmanstungu, en þar bjó Ólafur nokkur, vinur hans. Tryggvi lýsir upplifun sinni svo:

Þegar ég átti skammt ófarið heim að bænum heyrði ég einhvern undarlegan hljóm, – og varð mér hálf-bilt við. Hvað gat þetta verið? Ég varð hálf-smeykur, – stóð þarna lengi hlustandi, og var bæði hræddur og hrifinn. Að lokum þagnaði þessi hljómur, og þá áráddi ég að halda áfram, heim. Þegar heim kom á hlaðið, þá stóð Ólafur þar. Ég mun hafa heilsað honum, en var mikið niðri fyrir. Og svo styn ég upp einhverri tilraun til að skýra frá þessum undarlegu hljómmum, sem ég skildi ekkert í, en höfðu fengið svo mjög á mig og gjört mig svona undarlega hræddan og hrifinn. – Ólafur hló dátt, tók fast í öxlina á mér, hristi mig og sneri mér í hring og mælti: „Mikill dæmalaus auli ert þú nú, Tryggvi minn. Auðvitað var þetta ég – og var að spila á harmoniku.“ – „Harmoniku? Hvað er það?“ spurði ég. – „Það skal ég nú sýna þér, karl minn, – og komdu nú inn!“ Við göngum inn, og hann kemur með þetta dularfulla galdratæki. Svo fer hann að spila, – en ég sit hljóður og hugfanginn. Ó, – hvað það var dásamlegt. Ég horfði á með undrun og aðdáun, hvernig hann teygði þetta söngtöl sundur og saman. Síðan fékk ég að skoða það í krók og kring – og fór að reyna að apa eftir Ólafi. – Jú – ég fékk hljóð úr því – og varð forviða. Svo byrjar hann að kenna mér að spila, og tafði ég víst lengur en góðu hófi gegndi. ... Seinna spurði ég vin minn, Ólaf, hvort hann vildi ekki selja mér þetta hljóðfæri. – Jú, - hann vildi gjöra það. – Það kostaði 7 krónur. ... En mikla ánægju hafði eg af harmonikunni – og sá ekki hót eftir aurunum fyrir hana. En harla lítinn tíma fékk eg til þess náms, - helzt á nóttunni, þegar ég varð að vaka yfir túni.¹⁴⁴

Tryggvi hefur líkast til verið um það bil tíu ára gamall (fæddur 1869) þegar hann kynnist harmónikunni því í framhaldinu sagðist hann hafa verið búinn að læra sálmalögin tólf ára gamall. Heldur hafði honum þó gengið illa að ná sumum sálmalögunum á harmónikuna og öðrum hafði hann aldrei náð.¹⁴⁵

Hamóniku er einnig víða getið í tengslum við hvalstöðvar Norðmanna á síðari hluta 19. aldar, enda voru þar oft haldin böll og skemmtanir. Sagt er frá því að þeir Benedikt Benediktsson (1889-1966) frá Borgareyri í Mjóafirði og Pétur G.

¹⁴³ „Um söng o.fl.“, bls. 40.

¹⁴⁴ Tryggvi Jónsson: *Árblik og aftanskin*, bls. 24-25.

¹⁴⁵ Tryggvi Jónsson: *Árblik og aftanskin*, bls. 25.

Guðmundsson (1879-1947), bókbindari, hafi lært harmóníkuleik af Óla Höger í hvalstöðinni í Mjóafirði eystri. Óli Höger var fær harmóníkuleikari og eftursóttur á dansleikina og var sagt að aðrir hafi verið ógjarnir á að taka lagið á eftir honum.¹⁴⁶

Hannes J. Magnússon (1899-1972), kennari, minntist þess einnig í æviminningum sínum að er hann var ungur drengur hafi foreldrar hans komið heim úr kaupstaðarferð með stóran, dularfullan kassa. Hannes, sem ólst upp í Skagafirði, sagði svo frá:

Þeir, sem þekktu sparnað foreldra minna, og raunar getuleysi til að kaupa nokkurn hlut fram yfir brýnustu lífsnauðsynjar, eiga ef til vill erfitt með að skilja þessa sögu.

Þess verður að geta, að einhverra hluta vegna höfðu foreldrar mínir þá hugmynd um mig, að ég myndi vera efni í söngmann eða hljómlistamann. ... Þau þóttust taka eftir því, að ég væri fljótur að læra lög og auk þess hafði ég nokkra rödd. En enginn leið var til að koma þarna á móts við þessa meintu hæfileika mína, sem því miður hafa brugðizt. Þau vildu þó ekki leggja alveg árar í bát. Og þegar pabbi kemur heim úr nefndri kaupstaðarferð, hefur hann meðferðis kassa allstóran, sem enginn vissi hvað í var. Þótti okkur öllum hann mjög dularfullur. Vakti kassi þessi óhemju forvitni og eftirvæntingu.

En nú kemur þó að því, að leyndarmálið verður afhjúpað. Kassinn er afhentur mér. Og þegar pabbi rétti mér hann, sá ég í svip hans bæði eftirvæntingu, gleði og stolt. ... Ég opnaði kassann með skjálfandi höndum, og upp út honum kom lítil, en skínandi falleg harmonika. Þetta var eina hljóðfærið, sem foreldrar mínir höfðu ráð á að gefa mér, og þó veit ég ekki, hvernig þeir fóru að því. Harmonikan kostaði 10 krónur, en 10 krónur voru miklir peningar í þá daga. Það mun láta nærri, að það hafi verið heilt ærverð. Blessunin hún amma mín á Þverá hafði lagt 2 krónur í þetta fyrirtæki, sem einhver hafði gefið henni. Henni hafði sem sé verið trúað fyrir leyndarmálinu, og stóð þá ekki á eyri ekkjunnar. Hvernig hinar 8 krónurnar fengust, hef ég ekki hugmynd um. Kannske mamma hafi sparað saman nokkur pund af smjöri, eða sent ullarhár í kaupstaðinn. Góður vilji er máttugur. En víst er um það, að þetta var mikil fórn og stór gjöf á þeirra tíma mælikvarða.¹⁴⁷

Harmóníkur urðu fljótt vinsælar í skemmtunum og veislum og sagði Þorkell Bjarnason prestur í grein árið 1892: „Að vísu var áður sungið í veizlum, en lítið kunnu menn þá til söngs, annað en að spila á langspil; nú spila margir á harmóníku danslög“.¹⁴⁸ Enn betri lýsingu á notkun harmóníku til skemmtunar er að finna í minningum Guðrúnar Borgfjörð. Hún lýsir þar skemmtunum sem haldnar voru í

¹⁴⁶ Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, bls. 98.

¹⁴⁷ Hannes J. Magnússon: *Hetjur hversdagslífsins*, bls. 208-209.

¹⁴⁸ Þorkell Bjarnason: „Fyrir 40 árum síðan“, bls. 242-243.

Sjómannaaklúbbnum 1875 til 1877/78. Byrjuðu þær þannig að Þorlákur O. Johnson, kaupmaður, sýndi skuggamyndir af nafnfrægum stöðum erlendis.

Þegar hlé varð á, lét hann Guðbrand í Stuðlakoti spila á harmóníku eða Bensa sótara kveða rímur. ... Seinna var þetta kallað skemmtun fyrir fólkið. ... Það sótti vel þessar samkomur, enda voru peningaútlátin ekki mikil, 25 aurar inngangurinn. Svo var auðvitað dansað. Þarna kom fólk af öllum stéttum og kom því mæta vel saman.

... Svo kom: „Einn vals, Brandur.“ Brandur spilaði og lagði undir flatt. Stundum kallaði hann: „Einn galoppaði.“ [d. galopade]¹⁴⁹

Af þessum tveimur dæmum má sjá að harmóníkan hefur gjarnan verið notuð til að leika fyrir dansi og hefur það án efa hjálpað hljóðfærinu enn frekar að öðlast vinsældir á landinu.

Ekki voru þó allir ýkja hrifnir af þessu hljóðfæri. Mörgum þótti það hljóma illa og vart teljandi sem hljóðfæri. Minnir sú umræða um margt á andstyggð tónfræðimanna á hinu eldra alþýðuhljóðfæri, langspilinu. Til að mynda var sagt í grein um Vestmannaeyjar, sem birtist í *Ísafold* árið 1892: „hljóðfæri er hér lítið um, helzt harmoníkur; heyra má hjer spilað á það (ó)hljóðfæri *einkar-vel*, svo vel, að harmoníkan líkist hljóðfæri.“¹⁵⁰ Þá segir Benedikt Gröndal einnig í grein sinni um Reykjavík sem birtist árið 1900: „Þá heyrir og ósjaldan hræðilegt harmóníku-klimur“.¹⁵¹ Svo mætti lengi telja, en þessar gagnrýnisraddir virðast ekki hafa dregið mikið úr vinsældum þessa „óhljóðfæris“.

Ofangreind dæmi, sem spanna tímann frá miðri 19. öld til aldamóta, sýna nokkuð vel hver útbreiðsla harmóníkuar var á síðari hluta 19. aldar. Allt frá því að vera lítt fánlegur hlutur fyrir vel stæða konu um miðja öldina til þess að menn upp til sveita kunnu að bjarga sér á hljóðfærið á áttunda áratug aldarinnar og fram til þess að hún væri til í mörgum mismunandi gerðum og almennt talið vinsælasta og algengasta hljóðfæri landsins við lok aldarinnar.

¹⁴⁹ Guðrún Borgfjörð: *Minningar*, bls. 91-92.

¹⁵⁰ Oddg. Gudmundsen: „Lítið eitt um Vestmannaeyjar“, bls. 175.

¹⁵¹ Benedikt Gröndal: „Reykjavík um aldamótin 1900“, bls. 186.

9. Skipuleg hljóðfærakennsla

Skipuleg kennsla í hljóðfærakennslu var stopul í aldanna rás á Íslandi. Söngkennsla var reyndar nokkur á miðöldum, þótt þar hafi vissulega aðeins verið um kirkjusöngva að ræða. Lengi þurfti því að sækja alla kunnáttu á hljóðfæri til útlanda, þá helst Danmerkur og Þýskalands. Með fáeinum undantekningum, menntun Magnúsar Stephensens og Péturs Guðjohnsens, var kunnáttu í hljóðfærakennslu að mestu sjálfnumin eða fengin með handleiðslu ættmenna og/eða sveitunga. En á síðari hluta 19. aldar fór kunnáttan að verða nógu mikil til að hægt væri að veita nokkra undirstöðukennslu hér á landi.

Þegar um miðbik 19. aldar virðist hafa myndast hefð fyrir því á Íslandi að ýmsar heldri konur og heldri manna dætur næmu hljóðfærakennslu að því marki að fljótlega urðu þær áberandi og sumar jafnvel leiðandi í þessari menntun landsmanna.

Áður er komið fram að Þórhildur Tómasdóttir kenndi Sveinbirni Sveinbjörnssyni á hljóðfæri en hún var dóttir Tómasar Sæmundssonar prests og Fjölnismanns og konu hans, Sigríðar Þórðardóttur. Ástríður Melsteð, sem einnig kenndi Sveinbirni, var dóttir Helga Thordersens biskups og konu hans, Ragnheiðar, dóttur Stefáns Stephensen amtmanns. En fleiri urðu til að efla tónlistarmenningu landsmanna.

Olufa Finsen (1835-1908), sem var af dönsku bergi brotin, fluttist til Reykjavíkur árið 1865 er eiginmaður hennar, Hilmar Finsen, tók við stiftamtmansembættinu og síðar landshöfðingjaembættinu. Þau hjónin strengdu þess heit við komu sína til Íslands að gera það sem í þeirra valdi stæði til að stuðla að framförum meðal Íslendinga og voru iðin við. Þau reyndu að koma á ýmsum umbótum á íslensku samfélagi og ein umbótanna sem Olufa lagði fyrir sig sneri að kennslu í hljóðfærakennslu. Ekki er þess getið að Olufa hafi sjálf kennt píanóleik, en víst er að hún fékk börn og heimasætur til sín í söngkennslu og lék undir á píanó.

Ógetið er þá eins afkastamesta tónlistarkennara á síðari hluta 19. aldar en það var Anna Pétursson (1845-1921). Hún var dóttir Vigfúsar Thorarensens sýslumanns og konu hans, Ragnheiðar Pálsdóttur Melsteðs. Undir handleiðslu Olufu lærði Anna Pétursson „teoretiskar“ og verklegar aðferðir í tónlistarkennslu í heil þrjú ár. Anna hafði sjálf lært píanóleik af Ástríði Melsteð (1825-1897), fósturmóður sinni, sem var

um miðja 19. öld ein af fáum konum að kenna píanóleik og hafði sjálf numið hljóðfæraleik erlendis.¹⁵²

Þegar Anna var aðeins fimmtán ára að aldri fékk hún fyrir þrábeiðni sína að kenna tveimur stúlkum píanóleik og kom þá strax í ljós einstök þolinmæði hennar og kennarahæfileikar. Hún fékkst eitthvað við kennslu er hún bjó hjá fösturmóður sinni en árið 1870 giftist hún Pétri Péturssyni, lengst af bæjargjaldkera í Reykjavík, og gerði hún þá kennslu á píanó og harmóníum að fullu starfi. Anna sá þannig heimilinu farborða á meðan maður hennar hafði oft óvissa og illa launaða vinnu.¹⁵³

Árið 1884 fór Anna Pétursson til Kaupmannahafnar og tók þar „theoretiskt kennarapróf í músik, sem enginn héðan hefir annar leyst af hendi. Auk þess æfði hún sig í því verklega.“¹⁵⁴ Á meðan sat hún einnig og fylgdist með kennslu í söng hjá Sanne kantor, ásamt mörgum öðrum söngkennurum víðs vegar úr Danmörku. Sumarið 1892 hélt hún aftur út til að kynna sér nýjustu strauma í kennsluaðferðum og æfði þá öllum stundum. Anna hefur því verið einn fyrsti menntaði tónlistarkennari landsins og hefur augljóslega sýnt mikinn metnað á því sviði þar sem hún fer aftur út til að viðhalda þekkingu sinni og auka hana.¹⁵⁵

Er Anna var við nám í fyrra sinnið segir sagan að kona sú, er hún tók prófið hjá, hafi boðist til að útvega henni nemendur og meðmæli og gæti hún þá kennt píanóleik í Kaupmannahöfn og fengið tvær krónur á klukkustundina í laun. Á Anna að hafa hafnað því boði og kosið heldur að kenna í Reykjavík, þó launin þar væru ekki nema 50 aurar á klukkustund.¹⁵⁶ Í þessu sambandi má minna á að dönsk og íslensk króna voru jafngildar þótt framfærslukostnaður hafi væntanlega verið ólíkur í löndunum.

Anna helgaði sig tónlistarkennarastarfinu og að undanskildum þessum tveim námsferðum sinnti hún því án hlés frá 1870 til dauðadags 1921, lengst af um tíu klukkustundir á dag. Þrátt fyrir þessa miklu vinnu lét hún það aldrei bitna á starfi sínu sem húsmóður og þótti hún að mati *Kvennablaðsins* vera dæmi þess að kona gæti sinnt öðru starfi samhliða heimilinu, enda var það eina leiðin fyrir flestar giftar konur, sem vildu vinna utan heimilis, að bæta því við húsmóðurstörfin.¹⁵⁷ Virðist hún samkvæmt þessu hafa verið ein af þeim konum í borgarastétt sem áttu sér starf utan

¹⁵² Björg Einarsdóttir: „Efling tónlistar var aðall þeirra“, bls. 262.

¹⁵³ „Frú Anna Pétursson“, bls 58.

¹⁵⁴ „Frú Anna Pétursson“, bls 58.

¹⁵⁵ Björg Einarsdóttir: „Efling tónlistar var aðall þeirra“, bls. 268.

¹⁵⁶ „Frú Anna Pétursson“, bls 58.

¹⁵⁷ „Frú Anna Pétursson“, bls 57-58. Björg Einarsdóttir: „Efling tónlistar var aðall þeirra“, bls. 264-270.

heimilis og höfðu af því lifibrauð. Mun það trúlega hafa verið fremur fátítt þá meðal giftra kvenna sem yfirleitt hurfu inn á heimilin við giftingu og nýttu sér þannig ekki menntun eða færni sem þær höfðu aflað sér. Má sjá þetta til dæmis hjá íslenskum konum sem höfðu lært teikningu og málalagist.¹⁵⁸

Í *Kvennablaðinu* birtist grein um Önnu Pétursson árið 1901 og er þar þætti hennar í tónlistarsögu landsins lýst svo:

[Anna Pétursson] mun flestum kunn hér á landi, sem fengist hafa við musik og hljóðfærslátt. Hún hefir nú í meira en þrjátíu síðastliðin ár verið eini kennarinn hér á landi til að leika á píanó, og hún hefir verið hinn fyrsti kennari flestra þeirra manna, sem á þessum tíma hafa byrjað músiknám og mest hafa skarað fram úr hér á landi í söng og hljóðfærslætti. Auðvitað er það öllum ljóst, að söngmentun og hljóðfærslætti hefir verið til skams tíma mjög ábótavant og skamt á veg komið hér. En því meira þakklæti og virðingu eiga þeir skilið, sem mest hafa gert til að auka og glæða þekkingu og löngun eftir þessum listum ...

Því miður get eg ekki sagt, hvað mörgum frú Pétursson hefir kent að leika á piano og harmonium. Hún hefir víst aldrei haldið tölu á þeim... Þeir Jónas Helgason, Brynjólfur Þorláksson, Bjarni Þorsteinsson, Helgi Helgason og Einar prestur Jónsson hafa allir fengið sína fyrstu kenslu í hljóðfærslætti hjá henni. Hún hefir kent öllum þeim konum meira eða minna, sem á þessum 30 árum hafa byrjað að leika á píanó hér í Reykjavík...

Margir af nemendum frú Önnu hafa síðar farið utan til að fullkomnast í hljóðfærslætti, og hafa allir þeir, sem lengi hafa notið kenslu hennar, fengið beztu vitnisburði hjá beztu kennurum Dana.¹⁵⁹

Jónas Helgason hafði náð góðum árangri í orgelleik í námi sínu hjá Önnu, en 36 ára að aldri (árið 1875) ákvað hann að öðlast frekari menntun og fór í árnámsferð, ásamt Helga bróður sínum, í tónmenntaskóla í Kaupmannahöfn. N.W. Gade, forstöðumaður Hins konunglega danska tónlistarskóla og J.E.P. Hartmann, tónskáld og organisti, höfðu yfirumsjá með námi hans og létu hann oft sitja hjá sér við guðsþjónustu í kirkjum sínum. En fyrir milligöngu þeirra lagði hann einnig stund á nám hjá þeim Viggo Sanne, söngkennara við Hina sameinuðu kirkjuskóla, J.C. Gebauer, organista við Heilagsandakirkju, Fr. Møller píanóframleiðanda, H.S. Polly hljómsveitarstjóra og A.W. Langby sem var tónlistarmaður.¹⁶⁰

¹⁵⁸ Dagný Heiðdal: *Aldamótakonur og íslensk listvakning*, bls. 9-15.

¹⁵⁹ „Frú Anna Pétursson“ *Kvennablaðið*, bls 57.

¹⁶⁰ Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*, bls. 61. Þórir Stephensen: *Dómkirkjan í Reykjavík*, 2. bindi, bls. 168-169.

Það var fyrir tilstilli og áeggjan Olufu Finsen sem Jónas Helgason hélt utan að læra meira í hljóðfæraleik. Fékk hann frá henni meðmæli til góðvina hennar, dönsku tónskáldanna Gade og Hartmann, sem leiðbeindu honum mikið á þeim stutta tíma sem hann nam hljóðfæraleik í Danmörku. Jónas naut svo mjög hjálpar Olufu, enda greiddu góð meðmæli hennar leið hans, að í þakklætisskyni tileinkaði hann henni síðar fjórða hefti sitt af *Söngvum og kvæðum* með eftirfarandi orðum: „Hinni sönglærðu höfðingskonu, frú landshöðingjainnu Olufu Finsen fyrir mörg lærdómsrík ráð og velviljaðar bendingar, sem frá fyrstu hafa styrkt viðleitni mína í sönglistinni.“¹⁶¹

Þegar heim kom, árið 1876, hóf Jónas Helgason kennslu við Barnaskólann í Reykjavík og Kvennaskólann og árið 1883 hóf hann kennslu við Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi. Jónas notaðist við fiðlu við skólakennslu og veitti tilsögn í fiðluleik.¹⁶²

Eftir að þeir Helgi Helgason og Magnús Einarsson höfðu lagt fyrir sig stutt nám í hornaleik í Danmörku hófu þeir að kenna öðrum Íslendingum að leika á horn og virðast þeir eingöngu hafa gert það í gegnum starf lúðrasveita og því vart hægt að telja það sem skipulegt nám, og námið hefur einnig varla verið á háu stigi þar sem þeir Helgi og Magnús voru vægast sagt mjög lítið lærðir í hornaleik.

Það var ekki fyrr en árið 1930 sem fyrsti tónlistarskólinn á Íslandi, Tónlistarskóli Reykjavíkur, var stofnaður. Má rekja stofnunina til þess að við undirbúning Alþingishátíðarinnar 1930 varð mönnum ljóst hve bág tónlistarkunnáttan var. Kom í ljós að mikill skortur var á hljóðfæraleikurum sem færir voru um að flytja stór verk svo vel gæti talist.¹⁶³ Aðrir tónlistarskólar komu ekki til sögunnar fyrr en á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar og falla því tónlistarskólarnir utan ramma þessarar ritgerðar.

Sé lítið til tónlistarkennslu frá kynjasjónarmiði er athyglisvert að þáttur kvenna í tónlistarkennslu virðist hafa verið drjúgur og jafnvel meiri en karla, að minnsta kosti í Reykjavík þar sem borgarastéttin var hvað sterkust af öllum stöðum á landinu. Og framlag Oluf Finsen sem velgjörðarkonu tónlistariðkunar og annarra slíkra “patróna” skal heldur ekki vanmetið. Er á leið virðast karlmenn hafa látið meira til sín taka en áður þótt erfitt sé að meta þetta án frekari athugunar. Hvað sem því líður kemur hlutur kvenna í tónlistarkennslu vel heim við hlut þeirra á öðrum vettvangi listsköpunar og -

¹⁶¹ Tilvitnun fengin úr: Björg Einarsdóttir: „Efling tónlistar var aðall þeirra“, bls. 261.

¹⁶² Hallgrímur Helgason: Tónmenntasaga Íslands, bls. 63. Baldur Andrésson: *Tónlistarsaga Reykjavíkur*. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Jónas Helgason.

¹⁶³ Bjarki Sveinbjörnsson: Tónlist á Íslandi á 20. öld. <http://www.musik.is> -> Tónlist á Íslandi á 20. öld -> Tónlistarskólinn í Reykjavík.

kennslu, þ.e. í teikningu og málun. Nám í listgreinum var gjarnan hluti af uppeldi dætra í borgarastétt, að minnsta kosti betri borgara, og það gildi líka um Ísland eins og Dagný Heiðdal, sagnfræðingur, hefur bent á.¹⁶⁴

10. Félagslegt samhengi hljóðfæranotkunar

Í undanförunum köflum hefur verið litið á hvert hljóðfæri fyrir sig, hvaðan þau voru upprunin, hvenær þau komu fram og hver útbreiðsla þeirra og notkun var á Íslandi. Nú verður aftur á móti hugað að hlutverki hljóðfæranna í félagslegu samhengi: Í hvaða tilgangi þau voru notuð, til hlustunar, til söngundirleiks eða til dansundirleiks og á hvaða vettvangi, það er til heimanotkunar eða opinberar spilunar. Að lokum verður hugað að þeirri stéttaskiptingu sem myndaðist í hljóðfæranotkun Íslendinga, hvaða hljóðfæri voru mest notuð af yfir-/borgarastétt landsins og hver af alþýðunni, og hvaða hljóðfæri nutu vinsældir allra. Einnig verður örstutt dregið á kynjaskiptingu hljóðfæraleikara. Með þessu ætti að fást heildstæð mynd af þeim hefðum og venjum er tóku að myndast um notkun hljóðfæranna á 19. öld og því félagslega umhverfi er um þau skapaðist.

10.1 Tilgangur hljóðfæranotkunar og notkunarstaðir

Það segir sig sjálfst að hljóðfæri voru aðeins notuð á þrjá hugsanlega máta: Til hlustunar, það er að segja þar sem aðeins var leikið á hljóðfæri, til undirleiks við söng og til undirleiks við dans. Verður nú nánar litið á þetta og reynt að komast að því hvaða hljóðfæri voru notuð í hvaða tilgangi. Hugsanlega hefur þó verið einhver munur á venjum og hljóðfærum sem notuð voru á milli landshluta og verður því aðeins litið á það sem tíðast var fyrir landið allt.

Fyrst skal huga að hljóðfæraleik til hlustunar og eins og eðlilegt má telja voru heimili fyrsti og helsti notkunarstaður hljóðfæra. Þá var langoftast um einleik að ræða, þó vissulega fyrirfinnist dæmi um samleik á heimilum, svo sem fiðlu- og flautuleikur þeirra Voga-Jóns og Arngríms málara, sem fyrr hefur verið getið. En einleikur var tíðastur og voru notuð til þess ýmis hljóðfæri. Ef marka má frásögn Henrys Hollands frá 1810 voru langspil notuð í þessum tilgangi og hentuðu að hans mati vel í það, ef

¹⁶⁴ Dagný Heiðdal: *Aldamótakonur og íslensk listvakning*.

hlustað var á úr fjarlægð.¹⁶⁵ Harmóníum hefur einnig verið notað í þessum tilgangi og sýna endurminningar Bjarna Kjartanssonar, trésmíðs, um Kjartan Þorkelsson, föður sinn, og harmóníumleik hans í heldri stofunni á heimili þeirra það glögg.¹⁶⁶ Miðað við þann fjölda píanóa sem Ida Pfeiffer fann á heldri heimilum höfuðborgarsvæðisins á ferð sinni um landið strax árið 1845,¹⁶⁷ og sá fjöldi átti eftir að aukast, má telja svo til öruggt að píanó hafi einnig verið notað í þessum tilgangi, enda hentar píanó einstaklega vel til einleiks sökum hljómstyrks og fjölbreytni þar sem spila má bæði laglínu og undirleik. Einnig hefur verið algengt að grípa til flautu í þessum tilgangi, og hafa þær verið snemma á ferðinni. Þeir Magnús Stephensen og Sveinbjörn Egilsson notuðu þverflautur sínar óspart til þessa á heimilum sínum og einnig sagði Lárus Thorarensen, sýslumaður og herbergisfélagi Sveinbjarnar á námsárum þeirra í Kaupmannahöfn, að þeir hafi iðulega leikið saman á þverflautur heima hjá sér á námsárunum úti.¹⁶⁸ Einnig má geta flautuleiks Arngríms málara Gíslasonar, sem greip ætíð til flautu sinnar á sunnudögum á sumrin,¹⁶⁹ sem og þeirra er af honum lærðu í Suður-Þingeyjarsýslu. Arngrímur og Voga-Jón léku einnig á fiðlur í heimahúsum, samanber frásögn Jóns frá því er unga fólkið á Reykjahlíð kom að hlýða á leik þeirra,¹⁷⁰ og ætla má að það hafi verið algengt, enda lærðu margir helstu tónlistarmenn landsins fiðluleik. Harmóníkur hafa einnig verið notaðar í þessum tilgangi, sem sést á því að í fyrsta sinn er Tryggvi Jónsson frá Húsafelli heyrði harmóníkuleik var það þegar hann kom að Kalmanstungu og Ólafur félagi hans var þá að leika á harmóníkuna.¹⁷¹ Þrátt fyrir þessa lýsingu Tryggva hefur meginnotkun harmóníkkunnar þó verið önnur og verður betur ræddur síðar í kaflanum. Þó ekki sé mikið minnst á leik á gítar til hlustunar gefur fyrnefnd saga Gest Pálssonar til kynna að það hafi þó þekkt,¹⁷² þó algengara hafi verið að hann hafi verið notaður undir söng. Flóra hljóðfæraleiks til hlustunar í heimahúsum hefur því verið æði fjölbreytt og virðist hafa verið einn fyrsti vettvangur flestra hljóðfæra á landinu.

Opinber leikur á nýju hljóðfærin, til hlustunar eingöngu, var fyrst um sinn ekki jafn algengur og fjölbreyttur og síðar varð. Framan af virðist hann svo til eingöngu hafa

¹⁶⁵ Henry Holland: *The Iceland Journal of Henry Holland 1810*, bls. 155 .

¹⁶⁶ Gylfi Gröndal: „Forarmógröf og fineriisstykki“, bls. 12,15.

¹⁶⁷ Ida Pfeiffer: *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, bls. 91.

¹⁶⁸ Jón Árnason: „Æfisaga Sveinbjarnar Egilssonar“, bls. 9.

¹⁶⁹ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 79.

¹⁷⁰ Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn*, bls. 67.

¹⁷¹ Tryggvi Jónsson: *Árblik og aftanskin*, bls. 24-25.

¹⁷² Gestur Pálsson: „Vordraumur“, bls. 155.

verið bundinn við kirkjur, og er þar átt við einleik á pípuorgel og harmóníum, ásamt því að á þau var leikið undir með sálmasöngnum. Upp úr 1876 fór að heyrast blástur lúðrasveita úti við og má ætla að það hafi verið einn fyrsti vísir að samleik á opinberum vettvangi og hefur hann vafalítið veitt öðrum tónlistarmönnum hugmyndir um opinberan samleik hljóðfæra. Þá má ekki gleyma því að Anna Pétursson lét nemendur sína halda árlega nemendahljómleika í Góðtemplarahúsinu „og léku þá nemendurnir saman á hljóðfærin, stundum píanó og harmoníum saman, og mun þetta hafa verið fyrsti vísir að hljóðfærasamleik í Reykjavík.“¹⁷³ Óljóst er hvenær þetta var en þess má þó geta að Góðtemplarahúsið var vígt 2. október 1887 og var helsta tónleikahús Reykjavíkur þar til Iðnó var reist 1896 og Báran um svipað leyti. En samleikur verður líklega ekki algengur fyrr en eftir 1900 með fjölgun hljóðfæra og fjölgun þeirra sem kunnu orðið á þau. Og þá verða fyrirmyndirnar eða dæmin hvatning til tíðari samleiks. Hugsanlega tengist líka tíðari samleikur stækkandi borgarastétt eða betri efnahag hennar og efnahagslegum uppgangi um og upp úr aldamótunum 1900.

En opinber hljóðfæraleikur til hlustunar eingöngu fannst víðar og voru til að mynda stöku tónleikar haldnir fyrir 1900, en þeir urðu þó miklu algengari eftir aldamótin 1900. Algengast var að á þessum tónleikum væri leikið á harmóníum, píanó eða fiðlur og í sumum tilfellum tvö eða öll þessara hljóðfæra í einu. Það kom einnig fyrir að leikið var á önnur hljóðfæri á tónleikum og má þar til dæmis nefna sellóleik Boilleaus baróns. Árni Thorsteinson sagði baróninn hafa leikið „oft opinberlega á sellóið í Reykjavíkurklúbbnum og víðar, en aðallega kom hann fram á samkomum góðgerðar- og líknarfélaga.“¹⁷⁴ Hins vegar er Árni Óla ekki á sama máli og segir einungis: „ljek tvisvar á hljómleikum hjer í bænum.“¹⁷⁵ Samkvæmt söng- og hljómleika skrá frá 1900-1935 sem þeir Árni Thorsteinson og Ingólfur Kristjánsson rithöfundur tóku saman¹⁷⁶ má sjá að í upphafi aldarinnar var einleikur og samleikur á hljóðfæri takmarkaður og oftast en ekki var aðeins leikið á hljóðfærin með söng. Þó kom fyrir að einstaka lög væru leikin án söngs og í undantekningatilfellum var ein- eða samleikur á hljóðfæri veigamikill hluti í tónleikadagskrá. Leikur á hljóðfæri án söngs, utan heimilis, virðist því ekki hafa verið orðinn algengur í upphafi 19. aldar og var hann

¹⁷³ Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur -> Tímabilið 1800-1900 -> Brynjólfur Þorláksson

¹⁷⁴ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 261.

¹⁷⁵ Árni Óla: „Baróninn á Hvítárvöllum“, bls. 1.

¹⁷⁶ Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna*, bls. 390-418.

nær eingöngu bundin við Reykjavík, Hafnarfjörð og Akureyri, að kirkjum landsins undanskildum.

Margt er óljóst um notkun hljóðfæra með söng fyrir daga nýju hljóðfæruna. Hin sterka hefð rímnakveðskapar, sem kalla má sungin að nokkru leyti, og varðveittar upptökur af þulum og þjóðkvæðum benda til að ekki hafi verið mikið stuðst við hljóðfæri þegar farið var með þau. En þegar gripið var til hljóðfæra var yfirleitt ekki um annað að ræða en sama hljóðfæri og notað var til hlustunar, það er að segja langspil, enda var það mest notað sem sönghljóðfæri. Með nýju hljóðfærunum á 19. öld fylgdu ný lög og þá jókst notkun hljóðfæra með söng. Nefna má harmóníum og píanó, sem Olufa Finsen notaði til dæmis til undirleiks er hún var að kenna börnum í Reykjavík í söng¹⁷⁷, auk gítara, sem mest voru notaðir af heimasætum og þá iðulega með söng. Voru þetta algengustu hljóðfærin til söngundirleiks á heimilum en ekki er ólíklegt að fiðlur, flautur og harmóníkur hafi einnig verið notaðar í þeim tilgangi þó þess finnist ekki dæmi í þeim heimildum sem notaðar voru í ritgerðinni.

Opinber söngur – eftir að nýju hljóðfærin voru komin til sögunnar – var aftur á móti að mestu bundinn við fjöldasöng í kirkjum og var þá algengast að undirleikur væri spilaður á pípuorgel eða harmóníum. Í minningarbrotnu um Gísla frá Hofi er þess þó getið að Arngrímur málari hafi stundum spilað á fiðlu með söngmönnum í Vallakirkju.¹⁷⁸ En opinber notkun hljóðfæra var fyrst um sinn mest bundin við kirkjurnar og yfirleitt var það harmóníum sem þar voru notuð. Voru fyrstu kynni margra af hljóðfæraleik einmitt í kirkju á seinustu tveimur til þremur áratugum 19. aldar. Harmóníum var líka einkar áhrifamikið hljóðfæri sökum tiltölulega mikils hljómmagns og hæfni til spils á laglínu og undirleik. Þó það hafi eitthvað verið notað til hlustunar var það þó aðallega til undirleiks með fjöldasöng sem gerði það enn áhrifameira í lífi fólks. Ljóst er því að kirkjur hafa óbeint átt stóran þátt í dreifingu harmóníum-hljóðfæra um landið með því að kynna það ásamt sálmalögum fyrir landsmönnum. Eftir aldamótin 1900, þegar tónleikahald fór að aukast, varð undirspil með söng algengara, líkt og þegar hefur komið fram og var þá helst notast við harmóníum, píanó og fiðlu og í einstaka tilfellum kom fyrir að notað væri harmóníkur.

Óljóst er hvort hljóðfæraleikur undir dansi var tíður á Íslandi fyrir 1800. Þá var algengast að sungið væri við dansinn og kveðnar vísur en eitthvað var íslenska fiðlan

¹⁷⁷ Björg Einarsdóttir: „Efling tónlistar var aðall þeirra“, bls. 262.

¹⁷⁸ Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*, bls. 79.

notuð við undirleik dans, þá bæði með söngs og án. En eftir því sem hljóðfæranotkun varð algengari og hljóðfærin fjölbreyttari á 19. öld má telja að dansundirleikur, þar sem aðeins var notast við hljóðfæri, hafi orðið tíðari, þó vissulega hafi oft enn verið sungið með. Undirleikur fyrir dansi hefur væntanlega stundum tíðkast í heimahúsum, þá fyrst og fremst með einu hljóðfæri. Framan af var það íslenska fiðlan en hugsanlega hefur langspilið eitthvað verið notað til slíks brúks, þó að Njáll Sigurðsson haldi því fram að svo hafi ekki verið, enda langspilið stirt hljóðfæri og því hentað illa fyrir slíkan leik. Síðar fóru sum nýju hljóðfærin að tíðkast við dansundirleik, það er flauta, fiðla og síðar harmónika. Dans á heimilum hefur þó varla verið algengur enda voru þau flest tiltölulega fámenn og eins skorti þéttbýlisstaði fyrir 1800.

Utan heimila þar sem bara fjölskyldur nutu hljóðfærananna, náðu nýju hljóðfærin einmitt fyrst til verulegs fjölda fólks á danssamkomum. Eðli máls samkvæmt var leikur fyrir dansi tíðastur í sæmilega rúmgóðum húsakynnum, meðal annars í kirkjum og klúbbum, eða jafnvel úti við. Líklega hefur yfirleitt verið um einleik að ræða, eða einn hljóðfæraleikara og söngvara, en samleikur þekktist þó. Líkt og á heimilunum var íslenska fiðlan fyrst um sinn allsráðandi sem danshljóðfæri fólksins svo sem þegar hefur komið fram í lýsingum Henrys Hollands og Idu Pfeiffers á dansleikjum sem þau urðu vitni að í Reykjavík. Þegar að halla fór undan fæti fyrir íslensku fiðlunni tóku flautur og fiðlur stöðu hennar sem danshljóðfæri. Ida Pfeiffer minntist þess að á dansleiknum sem hún varð vitni að í klúbbnum hafi verið notast við flautur ásamt fiðlunum og Voga-Jón og Arngrímur málari voru einnig duglegir við að spila á fiðlur sínar og flautu við ýmis tilefni, eins og brúðkaup sem þegar hefur verið getið. Þetta voru ódýr og einföld hljóðfæri en þó nægilega hátóna til að vel heyrðist í þeim og lipur fyrir dansleiki. Þegar harmónikan kom til sögunnar gjörbreyttust allar leikvenjur við dansundirleik og ruddi hún hinum hljóðfærunum svo til alveg til hliðar og varð langalgengasta hljóðfærið. Enda hefur hún hentað afar vel til slíks þar sem hún býr yfir þeim eiginleikum að vera álíka meðfærileg og fiðlan en geta spilað bæði laglínu og undirleik líkt og orgelin, auk þess að vera nægilega hljómmikil fyrir sæmilega stór mannamót. Vinsældir harmónikunnar má ábyggileg að miklu leyti rekja til þess hve vinsæl hún varð á dansleikjum, en dansleikur var, ásamt kirkju, sá vettvangur sem alþýða varð mest var við hljóðfæraleik.

10.2 Stéttaskipting

Þegar hugað er að því í hvaða samfélagshópum notendur nýju hljóðfæranna voru má greina vissa stéttaskiptingu í þessu efni. Trúlega hefur hún skapast að nokkru leyti af tilviljun en eiginleikar hljóðfæranna auk verðlags og jafnvel ímyndir þeirra hafa þó án efa haft þó nokkur áhrif.

Hljóðfæri sem voru bundin við yfirstétt eða borgarastétt voru píanó, gítarar, selló og lúðrar. Ástæður þess að píanó takmörkuðust við yfirstéttina eru nokkuð augljósir þess. Píanó voru og eru dýr hljóðfæri og stór og krefjast því talsverðs efnahags af eigendum, en ekki bara vegna verðs heldur þurftu hífýli að vera sæmilega rúmgóð til að hægt væri að hafa píanó í húsinu. Einnig þurftu húsin að vera nægilega vel einangruð og upphituð til að píanóin skemmdust ekki af sagga. Því er augljóst að það var ekki á færi nema fárra útvaldra að festa kaup á slíku hljóðfæri. Auk þess þurfti að stilla þau af og til og kunnáttumenn í því torfengnir. Lúðrablastur var fyrst og fremst bundinn við lúðrasveitir og því krafðist hann þess að hópur manna gæti hist reglulega og æft saman. Því liggur í augum uppi að þorp og bæir hafi hentað mun betur til slíks hljóðfæraleiks en landsbyggðin

Það að hin hljóðfærin tvö, selló og gítarar, bundust við yfirstétt virðist heldur tilviljunarkenndara. Selló barst hingað með einum manni, Boilleau baróni, og var hann eini sellóleikarinn sem vitað er um á Íslandi þar til líða fór á 20. öldina. Tenging þess við yfirstétt eða borgarastétt eru því bundin við þennan eina mann. Af hverju gítarar bundust borgarastéttinni er erfiðara að segja til um. Flestar heimildir um gítarleik eru frá Reykjavík og Akureyri, og snúa fyrst og fremst að heimasætum sem lærðu á þá hjá heldri konum þar. Gítarar virðast því ekki hafa farið víða um landið en þó hafa þeir eitthvað þekkt í dreifbýli eins og sést á beiðni Kristínar Þorgrímsdóttur til Gríms um að hann kaupi gítar handa Tæsu dóttur hennar. Kristín var þá búsett í Odda í Rangárvallasýslu og því vissulega á landsbyggðinni. En hún var engu að síður hluti yfirstéttar og hefur því ef til vill þekkt betur til hljóðfærisins en alþýðan í kringum hana. Önnur ástæða þess að gítarar urðu ekki vinsælir meðal alþýðu gæti verið sú að gítarar eru varla nógu hljómmiklir til að nota við mannamót og því hafa þeir ef til vill ekki höfðað mikið til alþýðu þar sem hljóðfærið var ekki nægilega fjölhæft. Aftur á móti eiga þessi yfirstéttarhljóðfæri það öll sameiginlegt, að lúðrunum

undanskildum, að vera fyrst og fremst notuð heima fyrir, þó að píanóið hafi sótt á sem tónleikahljóðfæri um og eftir aldamótin 1900.

Hljóðfæri bundið við alþýðu var trúlega aðeins eitt, harmónika, sem var mikið notuð til dansundirleiks. Þó hafa betri borgarar væntanlega einnig sótt dansleiki en kannski ekki átt þessi hljóðfæri. Harmónikan varð fljótt vinsælasta hljóðfæri þjóðarinnar og liggja að baki því ýmsar ástæður. Þegar hefur verið nefndur eiginleiki hennar til að fá úr henni bæði laglínu og undirspil en auk þess var hún meðfæranleg og hljómmikil. En eins og sést á frásögn Hannesar J. Magnússonar um harmóníkukaup foreldra sinna sem og fjöldaframleiðslu á hljóðfærinu eftir miðja 19. öld má ætla að harmónikan hafi ekki verið talið dýrt hljóðfæri. Harmónikan var kjörið hljóðfæri fyrir mannamót og dansleiki og það gefur ef til vill til kynna að notkunareiginleikar sem borgarastétt og alþýða leituðu eftir hafi verið frekar ólíkir. Á meðan alþýðan vildi hljóðfæri til að dansa eftir vildi borgarastéttin fyrst og fremst hljóðfæri til að leika á heima fyrir eða opinberlega. Fyrir bragðið fengu hljóðfærin hugsanlega á sig ólíkar ímyndir þótt erfitt sé um það að fullyrða.

Þrátt fyrir að efri og neðri stéttir þjóðfélagsins hafi ef til vill verið að leita að hljóðfærum með ólíka eiginleika voru til nokkur hljóðfæri sem allir notuðu að því virðist: Fiðlur, flautur og harmóníum. Algengt virðist hafa verið að harmóníum væru á heimilum efnameira fólks en þó var það ekki regla, eins og sést á frásögnum Einars Jónssonar um þá Laxárdalsbræður og endurminningum Tryggva Jónssonar. Erfitt er að geta sér til um hvers vegna harmóníum öðluðust slíka útbreiðslu, enda hafa þau án efa verið mjög dýr fyrir flesta Íslendinga, en gera má sér í hugarlund að það hafi átt stóran þátt í útbreiðslu þeirra að hin nýja tónfræði var innleidd með orgelum í Prestaskólanum. Einnig komu harmóníum tiltölulega snemma í kirkjur landsins og hafa þau trúlega oft verið fyrsta hljóðfærið, byggt upp á hinni nýju tónfræði, sem fólk heyrði í og hefur tengst hljóðfærinu. Einnig var þetta fyrsta hljóðfærið sem auðvelt var að fá kennslu á, til að mynda hjá Jónasi Helgasyni, Önnu Pétursson og ýmsum heldri konum landsins.

Fiðlur og flautur voru aftur á móti með fyrstu hljóðfærunum til að berast til landsins og höfðu því haft tíma umfram önnur hljóðfæri til að dreifast um landið og hefur það án efa átt sinn þátt í útbreiðslu þeirra. Þetta eru einnig einföld og ódýr hljóðfæri og því verið aðgengileg alþýðu ekki síður en borgarastétt. Á 18. öld voru fiðlur enn þá svo til eingöngu bundnar við danska borgarastétt en þegar þær fóru að

berast til Íslendinga bar ekki á neinni stétt umfram aðra meðal fiðluleikara. Margir helstu tónlistarfrömuðir lærðu að leika á fiðlu áður en þeir fóru að sérhæfa sig á tilteknu hljóðfæri og notaðist Jónas Helgason til að mynda við fiðlu við söngkennslu sína. En á sama tíma var fiðlan að dreifast meðal bænda og sést það glögg á lýsingu Benedikts Jónssonar frá Auðnum um að Laxárdalur hafi ómað af fiðluleik sveitapiltanna.

Þessi hljóðfæri, sem dreifðust til allra stétta, eiga það öll sameiginlegt að vera einmitt þau hljóðfæri er voru notuð hvað mest opinberlega. Harmóníum var í flestum sveitakirkjum og því þekktu flestir til þeirra. Fiðlur og flautur voru vinsælustu dansleikjahljóðfærin, að harmóníkunni undanskildri, og hafa því margir kynnst þeim þar. Þessi opinbera spilun hefur vafalaust aukið vinsældir þessara hljóðfæra talsvert. Með þessum rökum mætti ætla að harmóníkan hefði átt að verða eitt af þessum vinsælu hljóðfærum allra stétta og erfitt er að útskýra út frá þessu af hverju hún varð ekki vinsæl meðal efri stétta. En þá má leiða hugann að því að margir níddu harmóníkuna fyrir ófagran hljóð og gæti það hafa gert sitt til að halda efri stéttunum frá hljóðfærinu. Eimir enn eftir af því viðhorfi að harmónika sé „ófint“ hljóðfæri þegar spila eigi „alvarlega“ tónlist.

En notkun hljóðfæra var ekki bara stéttaskipt heldur virðist einhver kynjaskipting einnig hafa átt sér stað því að gítarinn var vinsælli meðal kvenna en karla á meðan algengara virðist hafa verið að karlmenn hafi leikið á fiðlur og blásturshljóðfæri. Orgel og þá enn fremur píanó virðast þó hafa höfðað til beggja kynja enda stóðu konur framarlega í kennslu á þeim og mun Anna Pétursson hafa kennt flestum heldri konum í Reykjavík, og jafnvel víðar, leik á þessi hljóðfæri meðan hún var við kennslu. Erfiðara er að greina kyn þeirra er léku á harmóníku enda var þar um að ræða eitt vinsælasta hljóðfæri alþýðunnar en þeir fáu harmóníkuleikarar er nafngreindir voru reyndust allir karlkyns og má því ætla að algengara hafi verið að karlmenn hafi leikið á hana en konur.

11. Niðurstöður

Ljóst er að lengst af Íslandssögunnar voru hljóðfæri ekki algeng. Fyrir utan einstaka fyrirrennara organhljóðfæra, gyðingahörpu og einstaka miðaldahljóðfæri virðist sama og ekkert hafa verið til af hljóðfærum hér á landi fyrr en gamla íslenska fiðlan kom til

sögunnar. Ókunnugt er hversu gömul hún er en hún mun væntanlega ekki hafa komið fram á sjónarsviðið fyrr en á 16. öld, þó ekki sé hægt að útiloka að hún hafi verið kominn mun fyrr. Langspilið kom svo frá Danmörku eða Noregi á 17. öld og ýtti fiðlunni smám saman til hliðar. Þessi tvö hljóðfæri féllu einkar illa að nýrri tónfræði sem til landsins barst fljótlega eftir aldamótin 1800. Magnús Stephensen var þar fyrsti brautryðjandinn en ekki var tekið vel í hugmyndir hans, enda Grallarinn orðinn hjartfólginn þjóðinni á þeim rúmlega 200 árum sem hann var við lýði. Fleiri fylgdu í kjölfarið en það var ekki fyrr en Pétur Guðjohnsen kom fram á sjónarsviðið að breyting varð, enda var hann menntaður í tónlistarfræðum auk þess að vera í góðri aðstöðu til að ryðja hinni nýju tónlist braut sem dómkirkjuorganisti, sá fyrsti í sögu landsins, sem og söngkennari. Þessi nýja tónlistarstefna var svo alveg búinn að ryðja út hinum gömlu íslensku hljóðfærum þegar líða tók á 19. öldina.

Vegna atorku Péturs, sem og þeirra Jónasar Helgasonar, Theódórs Ólafssonar, og Brynjólfs Þorlákssonar, fóru harmóníum að berast í kirkjur landsins frá og með 1872 og tónfræðipekking jókst til muna. Aðrir lögðu þó hönd á plóginn, svo sem Anna Pétursson og fleiri heldri konur, sem lögðu mikið af mörkum til að auka kunnáttu áhugasamra Íslendinga á harmóníum og píanó. Píanó voru þó trúlega fá til alla 19. öld og aðeins á heimilum efnafólks.

Svo til allir brautryðjendur í íslensku tónlistarlífi áttu það sameiginlegt að hafa lært hljóðfæraleik í Kaupmannahöfn og nýttu sér kunnáttu sína til að gefa fólki, sem ekki stóð slíkt nám til boða, möguleika á hljóðfæranámi hérlendis. Kennsla í orgel- og píanóleik var því orðin talsverð hér á landi við lok 19. aldar og upphaf þeirrar tuttugustu, en hún virðist þó aðeins hafa verið á grunnstigi og ef frekari menntun átti að öðlast þurfti að fara til útlanda.

En önnur hljóðfæri en orgel og píanó komu einnig fram á sjónarsviðið á svipuðum tíma. Má þar nefna horn og lúðra ýmisskonar, sem nær eingöngu voru notaðir í lúðrasveitum. Elsta lúðrasveit landsins, Lúðraþeytarafélag Reykjavíkur, var stofnuð 1876 og á seinasta áratug 19. aldar fór þeim svo að fjölga og enn frekar eftir aldamótin. Sumir léku þó á flautur án þess að vera tengdir lúðrasveitum og voru þær meðal fyrstu hljóðfæra sem til landsins bárust og munu þær hafa verið komnar þegar á 18. öld. Magnús Stephensen, Sveinbjörn Egilsson og Arngrímur málari Gíslason voru best þekktu flautuleikarar 19. aldar en þeir voru þó fleiri og var ekki óalgennt að flautuleikarar léku fyrir dansi.

En hljóðfærin voru fleiri, gítarar, sem byrjuðu að berast til landsins um miðja 19. öld, öðluðust til að mynda nokkra hylli á síðari hluta aldarinnar, sér í lagi meðal kvenna á finni heimilum og voru þeir að mestu bundnir við þá stétt alla 19. öldina. Þeir voru líka fyrst og fremst notaðir sem heimahljóðfæri og lítið sem ekkert um opinberan leik.

Fiðlur voru einnig eitt fyrsta hljóðfærið úr hópi hinna nýju hljóðfæra til að berast til landsins og áttu sinn þátt í að leysa langspilið af hólmi á seinni hluta 19. aldar. Þær voru komnar strax á 18. öld en voru þá bundnar við danska borgarastétt en á 19. öld fóru þær að berast til Íslendinga og þá til allra stétta samfélagsins. Fyrir tilstilli Jóns Jónssonar frá Vogum í Suður-Þingeyjarsýslu og Arngrím Gíslasonar málara urðu vinsældir fiðlunnar talsverðar þar í sveit. Margir af helstu tónlistarfrömuðum landsins léku á fiðlu, ásamt fleiri hljóðfærum, en enginn þeirra mun hafa lagt mikla áherslu á hana. Ekki var mikið um tónleikahald með fiðlum, þó þær hafi eitthvað verið notaðar til samleiks með öðrum hljóðfærum en þær voru gjarnan notaðar á mannamótum og dansleikum.

Á síðari hluta 19. aldar fór harmóníkan að ryðja sér til rúms sem hljóðfærið sem gripið var til á mannamótum og dansleikjum og í raun varð hún fljótt eitt vinsælasta hljóðfæri landsins. Þrátt fyrir það var hún að mestu bundin við alþýðu og virðist lítið hafa höfðað til efri stétta. Þær höfðu aftur á móti sín hljóðfæri, píanó, gítara, selló og lúðra. Fiðlur, flautur og harmóníum virðast hafa höfðað jafnt til allra stétta, enda voru þessi þrjú hljóðfæri hvað mest áberandi í tónlistarflórunni og opinberum leik landsmanna, að harmóníkunni undanskildri. Hljóðfæri efri stétta virðast flest fyrst og fremst hafa verið notuð heima við, að lúðrunum undanskildum, sem urðu talsverðt áberandi með opinberum leik lúðrasveita landsins

Þó fáein hljóðfæri hafi verið farin að berast hingað strax á 18. öld eiga svo til öll hljóðfærin það sameiginlegt að vera komin í nokkra umferð um miðja 19. öldina. Einnig eiga þau öll sameiginlegt að vinsældir þeirra jukust en mismikið enda notkunarmöguleikarnir jafn ólíkir og hljóðfærin voru ólík.

Á 8. áratug 19. aldar virðist hafa byrjað mikið blómaskeið fyrir hljóðfæri. Tóku harmóníum þá að berast í kirkjur landsins, fyrsta lúðrasveitin var stofnuð, harmóníkan var orðinn vinsæl og útbreiðsla fiðlu og annarra hljóðfæra að aukast. Vegur hljóðfæranna jókst svo enn frekar eftir 1900 og virðist þá hafa byrjað nýtt skeið í tónlistarsögu landsins.

Heimildaskrá:

A. Frumheimildir

Árni Helgason: „Lýsing Garðaprestakalls 1842.“ *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, 3. bindi, *Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*. Reykjavík 1937-39, bls. 196-258.

Benedikt Gröndal: „Reykjavík um aldamótin 1900.“ *Eimreiðin* 6 (1900), bls. 173-197.

Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson: *Ritsafn*, 5. bindi. *Bréf. Bréf á dönsku*. Gils Guðmundsson sá um útgáfu. Reykjavík 1954.

Bjarni Þorsteinsson: *Íslensk þjóðlög*. Kaupmannahöfn 1906-1909.

Bjarni Þorsteinsson: *Þjóðlegt sönglíf á Íslandi að formu og nýju*. Siglufjörður 1931.

Einar H. Kvaran: „Um Gest Pálsson.“ *Ritsafn* 1. bindi, *Sögur*. [Reykjavík] 1952, bls. 7-37.

Einar Jónsson: *Minningar: Skoðanir*. [2. útg.] [Hafnarfjörður] 1983.

Evangelísk-kristileg Messu-saungs- og Sálma-Bók, að konúnglegri tilhlutun samantekin til almennilegrar brúkunar í kirkjum og heima-húsum og útgefin af því konúnglega íslenska Lands Uppfræðingar félagi. Leirárgarðar við Leirá 1801.

Fjallkonan 11 (1894).

„Frú Anna Pétursson.“ *Kvennablaðið* 7 (1901), bls 57-58.

Gestur Pálsson: „Bréf frá Reykjavík.“ *Ritsafn*, 2. bindi, *Kvæði, fyrirlestrar og blaðagreinar*. [Reykjavík] 1952, bls. 167-176.

Gestur Pálsson: „Vordraumur.“ *Ritsafn*, 1. bindi, *Sögur*. [Reykjavík] 1952, bls. 149-178.

Guðrún Borgfjörð: *Minningar*. Agnar Kl. Jónsson gaf út. Reykjavík 1947.

Gylfi Gröndal: „Forarmógröf og fineriisstykki. Postilla Bjarna Kristjánssonar, trésmiðs á Laugaveginum.“ *Ógleymanlegir menn*. Reykjavík 1977, bls. 7-18

Holland, Henry: *The Iceland Journal of Henry Holland 1810*. Ritstjóri Andrew Wawn. Hakluyt society, 2nd series 168. London 1987.

- Hannes J. Magnússon: *Hetjur hversdagslífsins. Nokkrar þjóðlífsmyndir frá upphafi 20. aldarinnar*, Akureyri 1953.
- Ingólfur Kristjánsson: *Harpa minninganna. Árni Thorsteinson. Minningar*. Reykjavík 1955.
- Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur 2. bindi Íslenzkar skemtanir*. Safnað hefir Ólafur Davíðsson. Kaupmannahöfn 1888-92.
- Jón Árnason: „Æfisaga Sveinbjarnar Egilssonar.“ *Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar*. Reykjavík 1952.
- Jón Jónsson: *Jóns saga Jónssonar frá Vogum við Mývatn. Sönn sjálfsævisaga nútíma Íslendinga*. Íslensk þýðing og formálsorð eftir Harald Hannesson. Reykjavík 1968.
- Jón Steingrímsson: *Ævisaga Síra Jóns Steingrímssonar eftir sjálfan hann*. 2. útgáfa. Guðbrandur Jónsson sá um útg. Skaftfellingarit 1. Reykjavík 1945.
- Loftur Guðmundsson: „Þeir sem guðirnir elska. Þórarinn Guðmundsson fiðluleikari lítur yfir farinn veg.“ *Á förnnum vegi. Rætt við samferðamenn*, 1. bindi. Reykjavík 1966, bls. 95-109.
- Lúðvík Kristjánsson: *Við fjörð og vík: brot úr endurminningum Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra*. Reykjavík 1948.
- Morkinskinna*. Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn 1932.
- Oddg. Gudmundsen: „Lítið eitt um Vestmannaeyjar.“ *Ísafold* 19 (1892), bls. 174-175.
- Pfeiffer, Ida: *Visit to Iceland and the Scandinavian North*, 2. útg. London 1853.
- Shepherd, C.W.: *Íslandsferð 1862*. Steindór Steindórsson frá Hlöðum þýddi. Akureyri 1972.
- Sigurður Gunnarsson: „Lýsing Hallormsstaðarsóknar 1874.“ *Austurland. Safn austfirzkra fræða*, 1. bindi. Akureyri 1947, bls. 99-116.
- Sonur gullsmiðsins á Bessastöðum. Bréf til Gríms Thomsen og varðandi hann 1838-1858*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík 1947.
- „Sönglistin hjá Norðmönnum í fornöld.“ *Fróði* 5 (1884), bls. 136-138.

Tryggvi Jónsson: *Árblik og aftanskin. Nokkrir æviþættir*. Akureyri 1946.

„Um söng o.fl.“ *Norðanfari* 16 (1876-1877), bls. 38-40.

Úr fórum Jóns Árnasonar. Sendibréf, 1. bindi. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar.
Reykjavík 1950.

Vilhjálmur S. Vilhjálmsson: *Halldóra Bjarnadóttir ævisaga*. Reykjavík 1960.

Þjóðólfur 8 (1855-56).

Porkell Bjarnason: „Fyrir 40 árum síðan.“ *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 13 (1892), bls. 170-258.

B. Fræðirit

Aðalgeir Kristjánsson: *Magnús organisti. Baráttusaga alþýðumanns*. [Reykjavík] 2000.

Árni Óla: „Baróninn á Hvítárvöllum“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 5. jan. 1936, bls. 1-4.

Baines, Anthony: *The Oxford Companion to Musical Instruments*. Oxford 1992.

Baldur Andrésson: Tónlistarsaga Reykjavíkur. <http://www.musik.is/> -> Tónlistarsaga Reykjavíkur [sótt 15.02 '09]

Bjarki Sveinbjörnsson: Tónlist á Íslandi á 20. öld. <http://www.musik.is> -> Tónlist á Íslandi á 20. öld. [sótt 4.04 '09]

Björg Einarsdóttir: „Efling tónlistar var aðall þeirra.“ *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna*, 2. bindi. Reykjavík 1986, bls. 250-271.

Dagný Heiðdal: *Aldamótakonur og íslensk listvakning*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 31. Reykjavík 1992.

Garðar Jakobsson og Páll H. Jónsson: *Fiðlur og tónmannlíf í Suður-Þingeyjarsýslu*. Reykjavík 1990.

Hallgrímur Helgason: *Tónmenntasaga Íslands*. Íslensk tónmenntaritun 2. Reykjavík 1992.

Hallgrímur Helgason: *Tónskáld og tónmenntir*. Íslensk tónmenntaritun 3. Reykjavík 1993.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur*, 2. bindi. Reykjavík 1929.

Kristján Eldjárn: *Arngrímur málari*. Reykjavík 1983.

Njáll Sigurðsson: „Um íslenska langspilið.“ *Hugur og hönd. Rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands* 2004, bls. 18-21.

Oling, Bert, og Heinz Wallisch: *The Complete Encyclopedia of Musical Instruments. A comprehensive guide to music instruments from around the world.* [Lisse] 2004.

Skært lúðrar hljóma. Saga íslenskra lúðrasveita. Atli Magnússon sá um útgáfu. Reykjavík 1984.

Smári Ólason: „Organ, trómet og harpan söng. Hljóðfæri og tónlistariðkun fram á 19. öld.“ *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni.* Ritstjórar Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir. Reykjavík 2004, bls. 373-381.

Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600-1939*, Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica 8. Reykjavík 1987.

Þórður Tómasson í Skógum: „Listafagurt langspilið.“ *Goðasteinn. Héraðsrit Rangæinga* 6 (1995), bls. 50-52.

Þórir Stephensen: *Dómkirkjan í Reykjavík*, 2. bindi, *Í iðu þjóðlífs*. Reykjavík 1996.